

HEIÐA SIGURÐARDÓTTIR

Saumaði sætan
topp

Tísk Heimili Heilsa

allt í MIÐJU BLAÐSINS



MIÐBORGIN

Síðasti séns fyrir
peppó og kók

Hallinn kveður

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

21. september 2006 – 252. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAD Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Ferðast um á
mótorreiðhjóli



Logi Bergmann
Eiðsson eignaðist
vélknúið reiðhjól
frá árinu 1954.

FÓLK 58

Kraftur og yndi úr
íslenskri náttúru

Steinunn Marteinsdóttir
ir myndlistarmaður
heldur tvær einkasýn-
ingar á haustdögum.

MENNING 40

Áskorun til
félagsmálaráðherra

„Við þessar aðstæður er það
skylda félagsmálaráðherra að
höggva á þennan hnút,” segir
Jóhanna Sigurðardóttir.

UMRÆÐAN 26

Dýrmætur Páll

Páll Einarsson hefur lagt
sitt af mörkum fyrir Fylki
í sumar og mörkin hans
fimm hafa skilað nú
stigum í hús.

ÍPÓTTIR 50



VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR TIL SUÐVESTAN TIL Í dag
verður norðaustan 5-15 m/s. Yfirlit
bjart veður sunnan og vestan
til þegar kemur fram á daginn. Hiti
5-13 stig, mildast suðvestanlands.

VEÐUR 4

2005 árgerðin komin!

Bílaland B&L verður með
bilaleigubíla af árgerðinni 2005
til sölu, dagana 20. til 23.
september. Þarna er kjörin
vettvangur til að gera afar góð
bílakaup, en auk riflegs afsláttar
eru þetta bílar með 18 mánaða
verksmiðjuábyrgð. Vertu á góðum notuðum bíl í
ábyrgð.



bilaland.is

Nánari upplýsingar
Sjá auglýsingu í blaðinu í dag

Lögreglan rannsakar ógn við þjóðaröryggi

Lögregluyfirvöld hafa til rannsóknar mál manns af erlendum uppruna sem
hefur lagt sig fram um að kynna sér meðferð sprengjefnis og sprengjugerð.

LÖGREGLUMÁL Lögregluyfirvöld
hér á landi rannsaka nú mál sem
flokkast undir þjóðaröryggismál,
samkvæmt upplýsingum Fréttabla-
blaðsins.

Í byrjun árs barst lögreglunni í
Reykjavík tilkynning um karl-
mann sem legði sig fram um að
kynna sér hvernig búa ætti til
sprengjur. Samkvæmt upplýsingum
Fréttablaðsins hefur maðurinn,
sem er af erlendum uppruna,
búið og starfað hér á landi um
skeið. Í ljós hafði komið að honum
varð tíðförult inn á erlendar vefsíður
þar sem voru leiðbeiningar
um meðferð sprengjefnis og
hvernig búa ætti til sprengjur.
Lögreglan í Reykjavík félk síðan
upplýsingar um athafnir manns-
ins. Þaðan fór málid til embættis
ríkislöggreglustjóra, þar sem það
er til rannsóknar nú. Petta mun
ekki vera fyrsta málid af þessum
toga sem upp kemur, en sílf mál

eru litin mjög alvarlegum augum.
Ingimundur Einarsson, vara-
lögreglustjóri hjá lögreglunni í
Reykjavík, sagði spurður um
málið að hann tjáði sig ekki um

valda til að rannsaka mál sem
ekki flokkast undir bein brot.
Bent var á að engar reglur væru
til um beitingu sérstakra
rannsóknarúrræða, einkum for-
einstök mál. virkra, sem
Hörður Jóhannes-
son yfirlöggreglu-
þjónn kvaðst
ekki vilja tjá sig. „Pegar grunsemdir eru
til staðar getur lögreglan
beitt úrræðum svo sem húslit,
Arnar Jensson, hlerunum, hlustumum...“

“
BJÖRG THORARENSEN
PRÓFESSOR

“Pegar grunsemdir eru
á annað borð til staðar getur lögreglan
beitt úrræðum svo sem húslit,
hlerunum, hlustumum, myndatökum
og svo framvegis,” segir Björg
Thorarensen, prófessor við lagadeild
Háskóla Íslands, spurð á líts
álagalegri hlið rannsóknarúrræða
í málum af þessu tagi.

- jss /sjá síðu 6



ASPIR VIÐ AUSTURBÆJARSKÓLA Slys
varð þegar drengur fell niður úr einni
öspinni.

Féll úr tré og meiddist:

**Slapp vel eftir
fimm metra fall**

SYLS Sjö ára drengur fell tæpa
fimm metra úr tré á skólahóð
Austurbæjarskóla um fjögurleyti
í gær. Í fyrstu var talið að
drengurinn hefði slasast á hálsi
en að sögn vakthafandi læknesi á
slysadeild Landspítalans í
Fossvogi slasaðist drengurinn
ekki alvarlega. Fylgst verður
með drengnum áfram en talið er
að hann hafi sloppið með minni-
háttar áverka. Að sögn lækna bar
drengurinn sig vel miðað hversu
mikið falið var.

Lögregla og sjúkraflutninga-
menn komu fljótt á vettvang eftir
að drengurinn fell úr trénu og
var hann fluttur í skyndi á
slysadeild. - mh

Tollverðir í Noregi:

**Teknir með
smyglvarning**

ÓSLÓ Tveir norskir tollverðir voru
stöðvaðir af lögreglunni á
þriðjudaginn þegar þeir snoru
aftur úr vinnuferð til Svíþjóðar.
Mennirnir, sem voru á vakt og
akanði í bíl embættis síns,
reynlust hafa keypt sér 24 lítra
af sterku víni, 15 lítra af bjór og
tvö karton af sígarettum hinum
megin við landamærin.

Tollverðirnir voru sektar að
fyrir smygltilraun og skömmu
síðar vikið úr embætti. „Mér
finnst þetta vægast sagt sorg-
legt,“ sagði Atle Joakimsen,
yfirmáður mannanna, í viðtali við
Aftenposten og bætti við að um
að reynda starfsmenn væri að
ræða. - kóp



ELDUR SLÖKKTUR Í BIFREIÐINNÍ Fimm bifreiðar skemmdust þegar sprengja sprakk.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprengja sprakk í miðborg Gautaborgar:

Eigandinn náði að stökkva út úr logandi bifreiðinni

GAUTABORG Nokkrir særðust
þegar mikil sprenging varð rétt
hjá Vasatorgi í miðborg Gauta-
borgar í hádeginu í gær.
Sprengja sprakk í bifreið, sem
gjöreyðilagðist auk þess sem
eldur kviknaði í fjórum öðrum
bifreiðum. Sænskir fjölmíðar
segja að sprengjutilræði hafi
beinst gegn eiganda bifreiðar-
innar, sem er sagður starfa við
veitingahúsarekstur í borginni.

Maðurinn slapp ómeiddur, en
hann stókk út úr bifreiðinni strax
og sprengingin varð.

Fjölmög vitni urðu að
sprengingunni og var mórgum
mjög brugðið. Nokkrir fengu í
sig glerbrot og flísar. Einn
maður var fluttur á sjúkrahús.

Mikill eldur logaði í bifreið-
inni og stóðu eldtungurnar
nokkra metra upp í loftið og bár-
ust með vindu í fleiri bifreiðar,

en vel gekk að slökkva eldinn
þegar slökkvilið kom á staðinn.

Þetta er í annað sinn í þessari
viku sem sprengja sprungur í
Gautaborg. A þriðjudaginn varð
sprenging í leigubíl í einu af
úthverfum borgarinnar, en enginn
slasaðist. Handsprengju hafði
verið komið fyrir við eitt af hjólum
bifreiðarinnar. Lögreglan í Gauta-
borg segist hafa grun um að tengsl
síða á milli sprenginganna. - gb

Skiptu um
árstíð
Opið til 21



Kringlan



Ólafur, er þróttur í pé?

Já, það er þróttur í mér. Vinnu-
þróttur.

Ólafur Þórðarson knattspyrnufjálfari
hefur verið orðaður við ýmis lið að
undanföru. Háværustu sögusagnirnar
herma að hann sé að fara að taka við
Þróttí í Reykjavík.

Loftið í Norðurlandaborgum:

Hreinast hér, verst í Helsinki

FINNLAND Útblástur gróðurhúsalofttegunda er meiri í Helsinki en í öðrum höfuðborgum Norðurlandanna, samkvæmt nýri rannsókn sem skýrt er frá á vefsíðum finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat. Orsakir þessa eru raktar til raforkuframleiðslu borgarinnar, sem nánast alfarið er fengin með brennslu jarðefnaeldsneytis.

Samkvæmt sömu rannsókn mun útblástur gróðurhúsalofttegunda vera minnstur hér í Reykjavík. - gb

Hlutafjárútbóð Existá:

Almennir fjárfestar græða

HLUTABRÉF Gengi hlutabréfa í Existá hefur hækkað um rúm tíu prósent eftir að félagið var skráð í

Kauphöll Íslands í lok síðustu viku.

Þetta þýðir að þeir sem tóku þátt í hlutafjárútbóði til almennra fjárfesta og fengu hámarks-skammt hafa hagnast um 25 þúsund krónur.

Alls óskuðu 7.400 fjárfestar eftir því að kaupa hlutabréf í hinum almenna hluta útboðsins og varð þrjátíu fóld umframeftir-spurn. - eba

Löggreglubill lenti í árekstri:

Á leið í útkall

LÖGREGLUMÁL Löggreglubill lenti í harklegum árekstri á leið sinni í útkall vegna ránsins í Iðufelli. Talið er að löggreglubillinn hafi farið yfir á rauðu ljósí á gatnamótum Bústaðavegar og Grensásvegar og keyrt inn í bíl sem

beygði fyrir hann.

Löggreglubillinn fór heila veltu og endaði á ljósastaur. Hann er gjörnýr. Kona sem ók hinum bílnum meiddist ekki og löggreglumennirnir sluppu með minniháttar meiðsl. Að sögn löggreglu var um algjört óhapp að ræða. - psj

Kirkjuráð Þjóðkirkjunnar lagði grunninn að skipulagsbreytingum á Skálholtsstað:

Ræddu harðvítugar deilur í Skálholti

KIRKJUMÁL Kirkjuráð Þjóðkirkjunnar segir uppsögn Hilmars Arnar Agnarssonar vera hluta af skipulagsbreytingum sem boðaðar hafa verið í Skálholti en ráðið hefur greitt rúmlega áttatíu prósent af launum organista í Skálholti um fimmtán ára skeið. Kirkjuráðið fjallaði í gær um breytingar sem stjórn Skálholts hefur boðað að skipulagi og starfsemi Skálholtsstaðar.

Í bókun ráðsins um málefni organistans eru breytingarnar útskýrðar og staðfest að organistán hafi verið sagt upp störfum. Þá segir einnig að Kirkjuráð hafi skipað stjórn Skálholts, sem „unnið hafi að því að hrinda stefnumótuninni í framkvæmd“.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hafa boðaðar breytingar fallið í grýttan jarðveg heimamanna og Félags organista. Hilmar Örn hefur stýrt kórum í sveitinni auk

þess að vera organisti í Torfastaðakirkju, Haukadalskirkju og Bræðratungukirkju, auk Skálholtskirkju.

Sigurður Sigurðarson, vígslubiskup í Skálholti, segir grunninn að skipulagsbreytingum hafa verið lagðan í janúar á fundi Kirkjuráðs, skólaráðs Skálholtsskóla og þeirra er starfa á staðnum. Uppsögn Hilmars Arnar tekur gildi 1. október en tekur aðeins til þess hluta organistastarfins sem Kirkjuráð hefur kostað.

Hilmar Örn hefur þegar leitað sér lögfræði-áðstoðar vegna málssins en hann hefur starfað sem dómorganisti frá því árið 1991. - mh

BISKUP ÍSLANDS GENGUR AF FUNDI Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, sést hér ganga af fundi Kirkjuráðs sem fram fór í Biskupsstofu.

KIRKJUHUSIÐ



Hann ætlaði að drepa mig

Maður á tvítugsaldri vopnaður hnífi reyndi á þriðjudagskvöldið að ræna sölturninn Leifasjóppu við Iðufell í Reykjavík. Eigandi sölturnsins segir að ræninginn hafi ekki litið við peningakassanum. Hann heldur að maðurinn hafi ætlað að drepa sig.

LÖGREGLUMÁL „Hann tók upp hnifinn, ógnaði mér og sagði mér að afhenda sér peningana,“ segir Þorleifur Eggertsson, eigandi Leifasjóppu við Iðufell í Breiðholti, en hann var að störfum í sölturninum þegar ránstilraun var gerð þar á þriðjudagskvöld. „Ég neitaði honum, en þá sagðist hann ætla að stinga mig á hol og stökk yfir búðarbordið. Ég reyndi að hlaupa út um bakdyr en hann náiði mér næstum því í dyragættinni. Hann léti peningakassan vera. Hann einbeitti sér alveg að mér. Það er eiginlega skuggalegast í þessu því hann kom til að nái í peningana. En hann var síðan ekkert að pæla í þeim.“

Maðurinn hafði komið inn í sölturninn á tólfu tímum og beðið eftir því að verða einn með Þorleifi áður en hann léti til skarar skrifða. Hann var vopnaður hnífi og huldi andlit sitt með hvítum klút. Á eftirlitsmyndbandi úr sölturninum sést maðurinn stökkva yfir búðarbordið, hlaupa framhjá peningakassanum og veita Þorleifi eftirför

með hnifinn á lofti. Í atburðarásinni gerir hann enga tilraun til þess að tæma peningakassanum heldur einbeittir sér að því að nái Þorleifi.

Þorleifur segir að svo virðist sem maðurinn hafi haett við þegar þeir voru komnir út. „Þá hljóp hann bara í burtu. En þegar ég var að opna dyrnar var hann alveg í bakinu á mér. Það munaði engu.“

Að sögn Þorleifs voru einungis um 4.500 krónur í kassanum þetta kvöld og því ljóst að maðurinn hefði ekki haft mikil upp úr krafssinu. Hann segir það mikla mildi að hafa sloppið óskaddaður frá þessu en viðurkennir þó að hann hafi ekki sofið mikil um nóttina. Þorleifur segist trúá því að maðurinn hafi ætlað að drepa sig. „Hann var ekkert að reyna að nái í peningana. Það sést þegar maður skoðar myndbandið.“

Tveir menn og ein kona voru handtekin við Höfðabakka stuttu síðar að stolnum bíl, grunuð um ránstilraunina. Þau eru öll um tví-



PORLEIFUR EGGERTSSON Bjargaði lífi sínu með því að taka til fótanna. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK



Atlagan að Þorleifi

Árásarmaðurinn stökk yfir afgreiðsluborðið þegar Þorleifur neitaði að afhenda honum peningana úr búðarkassanum. Þorleifi tókst að flýja út um bakdyr sölturnsins.

Mynd 1: Árásarmaðurinn nálgast og Þorleifur opnar bakdýrnar.

Mynd 2: Þorleifur reynir að komast út.

Mynd 3: Maðurinn leggur til Þorleifs með hnifnum. Ef myndin prentast vel er hægt að greina hnifinn í hægri hönd árásarmannsins innan hringsins á myndinni.

tugt. Bílnum sem þau óku hafði verið stolið á Selfossi fyrir um kvöldið. Einn hinna handteknar er bekktur af löggreglu fyrir ýmis afbrot. Samkvæmt upplýsingum

lögreglunnar í Reykjavík var fólkid í annarlegu ástæði þegar það var handtekið og beið enn yfirheyrlu síðast þegar fréttist.

thordur@frettabladid.is



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val
á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Nýtt afl lagt niður og félagsmenn hvattir til að gagna í Frjálslynda flokkinn:

Liðsheildin verður sterkari

STJÓRNMÁL Forysta Nýs afls hefur ákveðið að leggja samtökum niður sem stjórnmálaflokk og hvetja félagsmenn til að gagna í Frjálslynda flokkinn.

Jón Magnússon, formaður Nýs afls, segir þessa tilhögum hafa átt sér dálíttina að draganda. „Formlegar viðræður stóðu ekki lengi en upphaf þeirra var fyrir síðustu kosningar,“ segir Jón. Frumkvæðið hafi komið frá fólk sem stóð utan flokkanna tweggja.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir það gott ef fólk vilji gagna til liðs við flokkinn. „Það er mjög gott þegar hópar sem liggja nálægt hvor öðrum til endurskoðunar á flokkspingum og ekki loka fyrir það skotið að



SÁTTIR Guðjón Arnar Kristjánsson og Jón Magnússon handsöluðu samkomulagið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

stefna Frjálslynda flokksins taki breytingum.

„Ekkert er ákveðið um framboðsmál Frjálslyndra fyrir þingkosningarnar í vor og lögðu báðir áherslu að ekki hefðu verið gerðir samningar um að félagar í Nýju

aflí fengju sérstök sæti á framboðslistum.

Rúmlega 400 eru á félagaskrá í Nýju afli. Yfir þúsund eru í Frjálslynda flokknum. Báðir flokkar buðu fram í öllum kjördæmum í síðustu þingkosningunum. - bps

Helgar -sprengja

á raftækjum



PARÍÐ
79.999

Þurrkari
Electrolux, með barka
1805433

Þvottavél
Electrolux, 1200 sn
1805440

Frystikistur
á frábæru
verði

35.900
~~44.900~~

Frystikista
Frigor, 272 ltr.
1805487



49.900

Uppþvottavél
Haier, 12 manna
1805345

29.900
~~39.900~~

Eyjuháfur
Amica, 90 sm
1850565

39.900
~~49.900~~

Helluborð
Electrolux, 6622X
1830007

59.900
~~69.900~~

Ofn
Electrolux, 6630X
1830102



Fimmtudag
til mánudags



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Á meðan birgðir endast og gildir ekki með öðrum tilboðum.

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	70,01 70,35
Sterlingspund	131,78 132,42
Evra	88,69 89,19
Dönsk króna	11,887 11,957
Norsk króna	10,699 10,763
Sænsk króna	9,617 9,673
Japansk jen	0,5961 0,5995
SDR	103,44 104,06

GENGSVÍSITALA KRÓNUNNAR

122,6797

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



BLESGÆS Er sjónarmun minni en grágæs og heiðagæs en þessi tegund er nú friðuð á Íslandi.

Blesgæs friðuð á Íslandi:

Blesgæsum hefur fækkað

FUGLÁLÍF Blesgæs hefur verið friðuð ótímabundið á Íslandi og hvetur Landvernd gæsaveiðimenn til að gæta sérstakrar varkárnir við gæsasíðuna.

Á fáum árum hefur orðið hrún í stofni blesgæsa sem orsakast af slökum varpárangri. Petta veldur hví að nýliðun er ekki nægileg til að standa undir afföllum vegna skotveida hér á landi.

Á árunum 1998-1999 taldi stofninn um 36 þúsund fugla en síðasta vetur var stofninn kominn í 24.860 fugla.

Blesgæsin hefur verið alfríðuð utan Íslands um árabíl en varphemicynni hennar eru á Mið- og Vestur-Grænlandi. - hs

Ekið á átta ára stúlkum:

Var á leið yfir gangbraut

BÍSLYS Ekið var á átta ára gamla stúlku þar sem hún var gangandi á leið í skólanum í gærmorgun. Stúlkan var á leið yfir gangbraut við gatnamót Háaleitisbrautar og Fellsmúla þegar slysíð varð. Hún var flutt með sjúkrabil á slysa-deild Landspítalans með áverka á andlit. Samkvæmt upplýsingum löggreglu reyndust meiðsli hennar bó minni háttar og hví fór betur en á horfðist. - psj

Karlmaður á Egilsstöðum hefur játað að hafa skotið heimiliskött:

Skaut heimiliskött með riffli

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á sjötugsaldri hefur játað við yfirheyrlur hjá löggreglunni á Egilsstöðum að hafa skotið heimiliskött á Egilsstöðum í bakgarði vídeóleigunnar Vídeóflugunnar 6. maí síðastliðinn. Vopnið sem hann notaði var 22 kalíbera riffill. Ástæða verknaðarins, að sögn mannsins, var sú að hann vildi passa upp á fuglalífið í garðinum við fbúðarhús sitt.

Kristinn Kristmundsson, eiginandi kattarins, segir að eina leiðin fyrir manninn til að skjóta köttinn bennan dag hafi verið að skjóta hann af svöldum fbúðarhúss síns. Kristinn lýsti atviku eftirfarandi hátt í samtali við Fréttablaðið: „Didda skreið helsærð úr bak-

garðinum inn í fbúðarhúsið þar sem henni blæddi út. Hún komst inn í húsið og ég fann hana við rúm þar sem hún hefur ætlad sér að fara uppí. Þá var hún rænulaus en svo dó hún á meðan ég var að tala við lækninn.“ Kristinn hefur fengið staðfest hjá dýralækni að kúlan gekk inn við rófuna á kettinum, rauf slagðæd í afturfæti og fór út í gegnum kviðarholið. Hann segir verknaðinn enn alvarlegri fyrir þá sök að ungt barn var í garðinum stuttu áður en dýrið var skotið og börn séu að leik við húsið allt árið um kring.

Að sögn löggreglunnar á Egilsstöðum er málid enn í rannsókn en að sögn lögfræðings varðar athæfi



Á GÓÐRI STUNDU Kiddi og Didda voru mestu mátar. Didda var skotin af nágranna með riffli og hefur nágranninn játað verknaðinn.

MYND/KK

mannsins við hegningarlög, skotvopnalög og dýraverndunarlag. Skaðabótaskylda í máli eins og þessu mun vera ótvírað.

- shá

Sáttatónn í Mexikó:

Komið til móts við fátæka

MEXIKÓ, AP Greinilegur sáttatónn er í mexíkóskum þingmönnum eftir rúmlega briggja mánaða pólítískar deilur vegna forsetakosninganna þar í landi. PAN-flokkur sigurvegarans Felipes Calderón, sem er talinn flokkur kaupsíslumannar og efnaðri laga samfélagsins, leggur sig nú fram við að koma til móts við stuðningsmenn López Obrador, sem höfðaði til fátækustu kjósendanna og tapaði kosningunum naumlega.

PAN-flokkurinn hefur nú kynnt væntanleg lagafrumvörp og stendur meðal annars til að bjóða upp á ódýrari heilbrigðishjónustu og auka réttindi frumbyggja. - kóp

Bílum og húsum veitt meiri vernd en kynfrelsi kvenna

Pingmaður Samfylkingarinnar og varaþingmaður Vinstri grænna telja suma liði í frumvarpi dómsmálaráðherra um kynferðisbrot ganga of skammt. Peir segja skref stigin í rétta átt í öðrum liðum þess.

STJÓRNÍMAL „Frumvarpið gengur of skammt og veitir kynfrelsi kvenna ekki nægilega réttarvernd. Öðrum einkalífsþáttum eins og persónulegum bréfum, bílum og húsum, er veitt meiri vernd heldur en kynfrelsi kvenna.“

Petta segir Atli Gíslason, lögmaður og varaþingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns frambóði, um þann þátt frumvarps dómsmálaráðherra um kynferðisbrot sem snýr að nauðgunum. Atli vill að gengið sé út frá því að samþykki liggi fyrir kynferðismökum, annars teljist verknaðurinn nauðgun.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaförvara Samfylkingarinnar, tekur í sama streng hvað þann lið áhraerir. „Verknaðaraðferðin er útgangspunktur í frumvarpinu. Þeg vil draga mörkin við hvort sampykki hefur legið fyrir eða ekki og að einblínt sé á sjálfssákvörðunarrétt einstaklingsins.“

Ágúst Ólafur segir áfangasigur hafa náðst hvað varðar fyrningarfrest kynferðisbrota gegn börnum en frumvarpið gerir ráð fyrir að hann miðist við átján ára aldur brotaþola í stað fjórtán ára nú. Hans skoðun er engu að síður sú að fyrningarfrestinn beri að afnema og um það hefur hann flutt frumvarp.

Atli kveðst ánægður með þennan þátt frumvarpsins, segir enda útilokað sönnunar- og réttarfarslega að taka upp mál þrjátíu til fjörutíu árum eftir að atburðir gerðust.

Sú meginbreyting er gerð á lögum unum að feld er niður refsing



VENDI MÓTMÄLT Kaup á vändi er ólöglegt í Svíþjóð og sumir hafa viljað að sánska leiðin svokallaða væri farin á Íslandi.

fyrir að stunda vändi sér til framfærslu en í staðinn gert refsivert að auglýsa vændispjónustu opinberlega. Ágúst Ólafur og Atli vilja báðir að sánska leiðin svonfnda verði farin á Íslandi; að kaup á vændispjónustu varði refsingu. „Slíkt myndi draga úr eftirsprung og þar af leiðandi úr framboðinu,“ segir Ágúst Ólafur. Atli er á sama máli en telur engu að síður breyttinguna sem nú er boðuð vera framför. „Eftir því sem fleiri ríki gera vændiskaup refsiverð, þeim mun drýgra er það í baráttunni gegn mansali. En ef farið er út í smá-

“ Frumvarpið gengur of skammt og veitir kynfrelsi kvenna ekki nægilega réttarvernd.

ATLI GÍSLASON
LÖGMAÐUR

atriðin þá sprýr eg hvað er opinber auglýsing. Er það rauðt ljós úti í

glugga?“ Atli vill líka að í lögum verði kveðið á um að konum sem lagt hafa fyrir sig vændi verði veitt félagsleg bjónusta. Slíkt ákvæði er ekki í frumvarpi dómsmálaráðherra.

Ágúst Ólafur segir að heilt yfir sé ýmislegt jákvætt í frumvarpinu og nefnir þyngri refsingar í kynferðisbrotum gegn börnum. „Á móti kemur að dómstólar hunsa refsiramma málaflokksins en þar er ekki við löggjafann að sakast. Það er vonandi að skilaboðin sem felast í þessu nái til dómstóla-anna.“

bjorn@frettabladid.is

BÍLL DAGSINS RENAULT MEGANE

Nýskr. 11.04 - Beinskiptur - Ekinn 38 þús. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opn: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

VEÐURSPÁ


um hádegi »

ÁGAETAR VEDURHORFUR

Allt horf nái til þess að helgarveðri verði ágættí enda hlýnar um helgina um allt land. Á laugardag verður hæg austlæg eða breytileg átt og víðast bjart með köflum og þurr. Á sunnudag eru horfur á hæglætisveðri og þjórt með köflum en hætt við vætu suðvestan til síðdegis. Hitinn um helgina verður á bílinu 8-14 stig, hlýast suðvestan til.

VEDURHORFUR Í BORGINNÍ Í DAG

Norðaustan 5-8 m/s. Skýjað og burrt með morgnininum en síðan léttir til. Hiti 7-12 stig.



» á morgun

5-10 m/s en allt að 20 m/s við suðaustur ströndina

» laugardagur

5-8 m/s.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	Hiti	Wind	Kaupmannahöfn	Hiti	Wind
Alicante	29°C	hálfskýjað	Alicante	29°C	hálfskýjað
Mallorca	29°C	léttskýjað	Mallorca	25°C	rigning
Algarve	25°C	léttskýjað	Algarve	25°C	hálfskýjað
Krit	25°C	hálfskýjað	Krit	26°C	hálfskýjað
Las Palmas	26°C	hálfskýjað	Las Palmas	26°C	hálfskýjað

* Vindhráði er í metrum á sekúndu.

KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI

449 kr.
kg
~~740~~

Móa kjúklingur ferskur
1/1

40%
afsláttur

99 kr.

Pepsi MAX 2L

789 kr.
kg
~~1059~~

Goða nauta-lamba hakk

25%
afsláttur

349 kr.
kg
~~445~~

Goða saltkjöt

Krónu
súkkulaðikex
299
kr/pk

Ferskur
199
kr/askjan

Gulrætur baby
219
kr/pk



Weetos
299
kr/pk



HD safi
3 teg
259
kr/2ltr

3 fyrir 2
Royco
mínútusúpur



Virk
Sam-
keppni



Jonagold
Epli
89
kr/kg

10%
afsláttur
MS léttjögurt
4 teg

Royco
mínútusúpur
99
kr/3pk

Myllu fjölkorna
samlókubraud
169
kr/stk

Alltaf frábær tilboð alla daga



KJÖRKASSINN

Horfir þú á NFS?

Já	62%
Nei	38%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefurðu lent í slagsmálum?

Segðu skoðun þína á visir.is

Fimmtíu og tveggja ára gamall karlmaður var yfirheyrður af lögreglu í gær:

Í haldi fyrir kynferðisbrot

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík handtók í gær fimmtíu og tveggja ára gamlan karlmann vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.

Grunur leikur á því að fórnarlömb mannsins séu fleiri en eitt. „Ég get staðfest það að maðurinn er í haldi lögreglu. Hann er í yfirheyrslum vegna grunsemda um kynferðisofbeldi gagnvart fleiri en einu barni. Hann hefur unnið sem blaðberi að undanförnu. Við erum að skoða þetta mál ítarlega en rannsókn málsins er stutt komin,“ segir Bjarnþór Ádalsteinsson.

Vitni í málinu voru einnig yfir-

„Ég get staðfest það að maðurinn er í haldi lögreglu. Hann er í yfirheyrslum vegna grunsemda um kynferðislegt ofbeldi gagnvart fleiri en einu barni.“

BJARNÞÓR ÁDALSTEINSSON
LÖGREGLUMÁÐUR

heyrd í gær en rannsóknin beinist að tilteknun atvikum sem tilkynnt var um til Barnaverndarnefndar.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær kom málid inn á

borð Barnaverndarnefndar Reykjavíkur á föstudag. Í framhaldi var það sent til lögreglu, sem hóf fljótt rannsókn á mál-inu.

Maðurinn hefur reglulega skrifao inn á vefsíður á veraldarvefnum. Ein beirra síða þar sem hann hefur tjáð sig fjallar um barnaupplifud, trúmál og ýmis samfélagsleg mállefni. Hann er skráður stuðningsfulltrúi en ekki hefur fengist staðfest að hann starfi sem slíkur. „Ég get ekki staðfest að hann starfi sem stuðningsfulltrúi,“ sagði Bjarnþór aðspurður um málid.

magnush@frettabladid.is

Illugi Gunnarsson:
**Býður sig fram
í þriðja sætið**

STJÓRNMÁL Illugi Gunnarsson hagfræðingur gefur kost á sér í þriðja sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokkssins í Reykjavík. Sameiginlegt prófkjör er fyrir Reykjavíkurkjör-dæmin bæði og stefnir Illugi því að því að skipa annað sæti á öðrum hvorum framboðslist-anum.

Illugi var um árabil aðstoðarmaður Daviðs Oddssonar í råðuneytinu. Prófkjör Sjálfstæðisflokkssins verður haldið 27. og 28. október. - bps



Viltu stofna fyrirtæki?



Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbærar rekstrarkostnað, ábyrgð stjórnenda o.fl.

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og geta þátttakendur valið um:

1. Síðdegisnámskeið

Kennt þriðjud. 26. sept., fimmtud. 28. sept. og þriðjud. 3. okt. kl. 17-20.

2. Morgunnámskeið

Kennt þriðjud. 3. okt., fimmtud. 5. okt. og þriðjud. 10. okt. kl. 8:30-11:30

Kennslustáður er Hálveigarstígur 1, Reykjavík. Léttar veitingar í hléi. Verð 25.000 kr.

Leiðbeinandi er Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdomslögmaður, LL.M.

VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttökum á námskeiðinu.
Sjá námskeiðslýsingum á www.isjuris.is

Nánari upplýsingar og skráning í síma 894-6090 eða á alb@isjuris.is

Merrild 103
Meðalristað gæðakaffi
Fæst nú í heilbaunum!
Hefur þú prófað?



Pú mótar venjur þínar,
svo móta venjurnar þig.
Vendu þig á hreyfingu!



Mörg rannsóknar-úrræði fyrir hendi

Engin afdráttarlaus lagaákvæði eru til hér á landi um að lögregla megi hefja rannsókn í „fyrirbyggjandi“ tilgangi. Petta segir prófessor í lagadeild Háskóla Íslands um rannsóknarheimildir lögreglu, sé rökstuddur grunur ekki til staðar.

LÖGREGLUMÁL Engin skýr eða afdráttarlaus lagaákvæði eru í raun til um að hefja megi rannsókn í „fyrirbyggjandi“ tilgangi ef ekki er til staðar beinn grunur um að brotið sé yfirvofandi eða í undirbúningi. Petta segir Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, spurd um lagalegahliðforvirkarannsóknarúrræða lögreglu í málum af því tagi sem greint er frá í Fréttablaðinu í dag. Lögreglugrifvöld rannsaka nú mál sem upp hefur komið vegna síendurtekina heimsókna manns af erlendum uppruna inn á vefsíður þar sem leiðbeiningar er að finna um meðferð sprengiefnis og gerð sprengja.

„Hins vegar geta mörkin þarna á milli verið óljós, það er hvort tilfendi sé til grunsemda eða rökstuddur grunur sé uppi,“ heldur Björg áfram. „Erfitt er að slá fastri einhverri skilgreiningu um mörkin, en mér bykir dæmi sem Fréttablaðið er með til skoðunar tæplega uppfylla kröfu um að rökstuddur grunur sé til staðar, að svo miklu leyti sem hægt er að segja eitthvað um svo knappa lýsingum á atvikum.“

Björg segir lögregluna ekki hafa í sjálfu sér neinar rýmri lagaheimildir til að rannsaka umrædd brot en önnur alvarleg brot og byggir hún þar á ákvaðum laga um meðferð opinberra mál nr. 19/1991.

„Ef grunur er uppi um yfirvofandi brot á þessum ákvæðum getur lögregla beitt öllum rannsóknarúrræðum sem talin eru upp einkum í X. og XI. kafla þeirra laga,“ segir Björg, „svo sem halldragningu á munum, húsleit, handtöku og fleira. Þá er heimilt að beita símhlerunum, fá upplýsingar um notkun síma, beita herbergjahlustun og myndatökum,



PJÓÐARÖRYGGI HVERGI SKILGREINT Í ISLENSKUM LÖGUM

„Hugtakið pjóðaröryggi er hvergi skilgreint sem slíkt í íslenskum lögum og raunar hvergi notað heint eftir því sem ég best veit,“ segir Björg Thorarensen prófessor um merkingu umrædds hugtaks, þótt það sé betur þekkt úr umræðunnini til dæmis um breska og bandaríksa löggið.

„Eina dæmið sem ég man eftir að vísað sé berum orðum til hugtaksins „pjóðaröryggis“ er reyndar í Mannréttindasáttmála Evrópu, sem var lögfestur hér á landi með l. 62/1994. Þar er þess getið í lagagreinum um friðhelgi einkalífs, um tjáningarfrelsí og funda- og félagafrelsí, að takmarka megi þessi réttindi í þágu pjóðaröryggis. Þegar rætt er um brot sem ógna pjóðaröryggi er samkvæmt almennum málskilningi hér á landi og lagalegum skilningi, svo og í samræmi við orðnotkun erlendis, átt við alvarlegri brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sem eru til þess fallin að ógna öryggi almennings eða undirstöðum ríkisins. Þarna falla því tvímaðalaust undir ákvæði XI. kafla laganna um brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess. Þar er til að mynda sérstakt ákvæði um hryðjuverk í 100. gr. a sem var bætt í lögum samkvæmt tilmaelum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eftir hryðjuverkaárasírar í Bandaríkjum og líka hugsanlega að einhverju leyti brot sem talin eru í XIII. kafla um brot á almannafriði og allsherjarreglu.“

skv. 86. og 87. gr. laga um meðferð opinberra málá, þar sem þessi brot varða meira en átta ára fangelsi. Loks hefur lögreglan ýmsar aðferðir, svokallaðar „óhefð-

bundnar“ rannsóknaraðferðir, þar með talið leyfilegt eftirlit, eftifararbúnað, notkun tálbeitu í takmörkuðum mæli og fleira.“

jss@frettabladid.is

Ríkissaksóknari segir það hlutverk lögreglu að gæta almannaoürggis:

Ráðstafana oft þörf áður en skaðinn er skeður

LÖGREGLUMÁL Það er hlutverk lögreglu að gæta almannaoürggis, halda uppi lögum og reglu og tryggja réttaröryggi borgaranna, segir Bogi Nilsson ríkissaksóknari, spurdur ális á rannsókn lögreglu, sem sem beinst gæti að hugsanlegum undirbúningi hryðjuverka.

„Þá þarf lögregla oft á tíðum að grípa til einhverra ráðstafana áður en skaðinn er skeður,“ bætir ríkissaksóknari við og tekur fram að mál séu ekki innan

marka embættisins fyrr en um sé að ræða rannsókn á afbroti. „Lögreglan hefur vissa almenna viðurkennda heimild samkvæmt lögregluglögunum til að fylgjast með eðlilegum

BOGI NILSSON
RÍKISSAKSÓKN-
ARI Hlutverk
lögreglu er að
gæta almannaoürggis.



hætti og stemma stigu við afbrotum fyrir fram. Hún getur án vafa fylgst með þeim athöfnum manna með löglegum hætti, sem aðrir geta fylgst með.

Hins vegar getur verið erfitt að greina á milli hvenær lögregla er að fylgjast með málí og hvenær hún er farin að rannsaka það. En um leið og hún er farin að rannsaka afbrot hefur hún heimildir samkvæmt réttarfarslögum og þar með fer rannsóknin að skipta mál fyrir ákeraulvaldi.“

- jss

Amerískir dagar

í Hagkaupum



Tyson
- eldaður kjúklingur og álegg



Cheerios
jógúrthúðað
- tvær bragðtegundir



Western kjúklingalundir
- ferskar



Chicago Town desertkaka
- dýrindis amerískar frosnar desertkökur



Fylltir kleinuhringir
- með vanillukremi eða sultu



Beef jerky
- burruð nautakjöt, gott sem snakk



Huggies
- amerísk gæði



Starbuck's kaffi
- í ótrúlegu úrvali



Paul Newman örbylgjupopp
- fljólegt og gott

Gildir til 24. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

NÓATÚN

Bestir í kjöti!




SALSA FISKUR
TORTILLA
299 kr.
stk.

Helgin er byrjuð í Nóatúni!

LAMBA
SÚPUKJÖT
398 kr.
kg


Pú færð úrvals hráefni og framúrskarandi þjónustu í kjötborði Nóatúns!




LAMBAINNMATUR
ÚR KJÖTBORÐI verð frá:
98 kr.
kg



GOÐA PÍTUBAKKI
6 PÍTUR OG BRAUD
759 kr.
kg



LAMBASIRLOIN
SNEIÐAR ÚR KJÖTBORÐI
998 kr.
kg



LAMBAPOTRÉTTUR
GRÍSKUR, ÚR KJÖTBORÐI
1.498 kr.
kg

Lífrænt og hollt í úrvali!

Goða álegg
30%
afsláttur



HODGSON MILL
LÍFRÆNT HVEITI
299 kr.
pk.



2 FYRIR 1
FITTY BRAUD
169 kr.
2 pk.



COCOA PUFFS
MORGUNKORN
349 kr.
pk.

NÓATÚN

„Verði ykkur að góðu!“



PANDABJÖRN BITINN Gu Gu, sex ára gammal pandabjörn í dýragarði í Peking, maular bambusgreinar í búri sínu í gær, eftir að drukkinn maður óð inn til hans og reyndi að faðma hann. Bitu þeir því næst hvorn annan áður en dýragarðsverðið handsómuðu manninn.

FRÉTTABLAÐID/AP

Óviðunandi ástand við leikskólann Sjáland í Garðabæ:

Umhverfi skólans hættulegt börnum

SAMFÉLAGSMÁL Leikskólabörn leikskólans Sjálands í Garðabæ eru talin í hættu vegna þess að framkvæmdir við aðgengi leikskólans hafa dregist úr hömlu. Að mati stjórnenda skólans átti verktakinn Björgun Bygg sf. að skila viðunandi aðgengi fyrir mörgum mánuðum. Aðstand-endur skólans hafa skrifat verktaganum ítrek-að til að reka á eftir því að verkið verði klárað en án árangurs.

Ída Jensdóttir, leikskólastjóri Sjálands, metur stóðuna svo að leikskólabörnum stafi hætta af illa frágengnum leiðum að skólanum. „Á þriðjudag hugðist Björgun Bygg hefja mal-bikunarframkvæmdir og lokaði öllum leiðum. Enginn komst leiðar sinnar og slökkvilið og sjúkrabilar hefðu ekki getað athafnað sig.“ Stefán Þórarinsson, stjórnarformaður Nýsíss sem er eigandi skólans, segir að verktakarnir

hafi ekki staðið við gefin loforð. „Við erum búin að bíða í margra mánuði eftir að Björgun Bygg geri hreint fyrir sínum dyrum. Það er með ólíf-indum hvernig þessu hefur undið fram.“

Sigurður R. Helgason, framkvæmdastjóri Björgunar Bygg sf., segist skilja að aðstand-endur skólans séu örðnir langeygir eftir því að framkvæmdum ljúki. Hann segir tafnirnar vera vegna vatnslagnar sem ekki var búið að ákveða hvar ætti að liggja. „Eg skil að fólkid sér leitt en mér er sagt að gengið verði frá þessu í þessari viku.“ Sigurður segir að sér hafi aðeins borist bréf frá bæjaryfirvöldum, sem hvatt hafi til þess að verkið yrði klárað.

- shá

LEIKSKÓLINN SJÁLAND Aðgengið er mjög slæmt og eiga börn, foreldrar og kennarar í mestu erfiðleikum með að komast að skólanum.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM



Ræstivagn Elite 100

35 %
Afsláttur

Hentugur vagn fyrir lítil
og meðalstór fyrtækni

Verð á vagni, moppu og skafti

Nú: 33.904.-

Áður: 52.159.-



*meðan birgðir endast

BESTA

Suðurlandsbraut 26 Brekkustíg 39 Miðás 7 Grundargötu 61
108 Reykjavík 260 Njarðvík 700 Egilsstöðum 350 Grundarfirði
Sími: 510 0000 Sími: 420 0000 Sími: 470 0000 Sími: 430 0000
Fax: 510 0001 Fax: 420 0001 Fax: 470 0001 Fax: 430 0001
besta@besta.is njardvik@besta.is egilsstaðir@besta.is grund@besta.is

Sjúkraliðar flyja lág laun, álag og ofbeldi

Sjúkraliðar á LSH bíða nú eftir gerð nýs stofnanasamnings. Fjöldi sjúkraliða hefur flúið spítalann vegna mikils álags og ofbeldis. Margir þeirra hafa gerst félagsliðar og hækka þannig laun sín. Byrjunarlaun sjúkraliða eru 146 þúsund.

KJARAMÁL Sjúkraliðar á LSH krefjast stofnanasamninga þegar í stað. Þetta kom fram á fjölmennum fundi sjúkraliða sem var haldinn þar fyrir í viku- unni.

Í kjarasamningum sem ríkið hefur gert við önnur stéttarfélög hafa þeir lægstlaunuðustu fengið tóluvert meiri hækku en sjúkraliðar, að sögn Kristínar Á. Guðmundsdóttur, Formanns sjúkraliðafélags Íslands.

„Sjúkraliðar hafa dregist aftur úr öðrum starfstéttum varðandi laun en nýútskrifaður 22 ára sjúkraliði á LSH fær 146 þúsund krónur í mánaðarlaun. Við 35 ára aldur eru launin 152.733 krónur.“ Miðað er við laun 1. maí 2007.

Kristín segir að margir nýútskrifaðir sjúkraliðar hafi gerst félagsliðar til að fá hærri laun, en félagsliðar fá 182.537 krónur á mánuði miðað við 35 ára lífaldur.



SJÚKRALIÐANÁM Í FB Sjúkraliðar hafa dregist aftur úr öðrum starfstéttum varðandi laun. Laun nýútskrifaðra sjúkraliða við LSH eru 146 þúsund krónur á mánuði.

„Ofbeldið hefur verið bundið við bráðamót-töku og geðdeildir og árasarmenn gjarnan vopnaðir hnifum. Allt þetta eykur álag a sjúkraliða, sem margir gefast upp og hætta.

KRISTÍN Á. GUÐMUNDSDÓTTIR
FORMAÐUR SJÚKRALIÐAFELAGS ÍSLANDS



Kristín segir nokkuð um að sjúkraliðar sem gerist félagsliðar starfi á elliheimilum eða á vegum félagsþjónustunnar.

„Búið er að gera stofnanasamninga við sjúkraliða ásálfseignar-stofnumum en þar eru launin um 160 þúsund krónur á mánuði óhálfaldri.

Flest sjúkrahús í landinu eiga eftir að gera stofnanasamninga við sjúkraliða ásamt LSH en þeir samningar sem gerðir hafa verið eru í samræmi við stofnanasamninga sem gerðir hafa verið við sjálfsseignastofnanir.“

Kristín segir sjúkraliða á LSH hafa búið við vaxandi álag vegna manneklu ásamt ofbeldi sem átt hafi sér stað á sumum deildum spítalans. „Ofbeldið hefur verið bundið við bráðamót-töku og geðdeildir og árasarmenn gjarnan verið vopnaðir hnifum. Allt þetta eykur álag a sjúkraliða, sem margir gefast upp og hætta. Sem dæmi um manneklu veit ég dæmi þess að á deild þar sem gert er ráð fyrir ellefu stöðugildum sjúkraliða eru aðeins fjórar mannaðar.“

Kristín segir álagið á öðrum stöðum síst minna en á LSH og nefrin heimahjúkrun í Reykjavík. „Þar eru sjúkraliðar jafnvel að hætta eftir nokkra daga vegna álags sem stafar af fjölda vitjana.“

Það veldur áhyggjum að sjúkraliðastéttin er að eldast og nú er svo komið að fleiri hætta sökum aldurs en þeir sem útskrifast. Gripið hefur verið til þess ráðs að meta ófaglært fólk inn í sjúkraliðanám til að tryggja nýliðun í stéttinni.“

hugrun@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Arvor 190 · 75 hestafla disilvél
Fullt verð 3.404.569 kr. · Haustverð 3.280.000 kr.

Quicksilver 630 Pilothouse · 120 hestafla Cummins/Mercury disilvél
Fullt verð 3.793.224 kr. · Haustverð 3.500.000 kr.

UPPSELDUR

HAUSTDAGAR HJÁ R. SIGMUNDSSYNI

BÁTARNIR ERU HLADNIR AUKABÚNAÐI
AKKERISREIPI · AKKERISKEDJA
FRÍHOLT · 10 KG AKKERI
LANDFESTATÓG
OSCULATI BJÖRGUNARVESTI
GARMIN GPS OG DÝPTARMÆLIR

Komdu á haustdaga
R. Sigmundssonar að

Ánaauustum 1 og kynntu þér stórglæsilega
báta á sérstöku haustdagaverði. Auk þess
verður boðið upp á fjölmörg önnur áhuga-
verð tilboð í versluninni.

Opið alla virka daga kl. 08-18.

VELASALAN

radiomidun



R. SIGMUNDSSON



Quicksilver Classic 20 · 220 hestafla Mercruiser og bátakerra
Fullt verð 4.495.438 kr. · Haustverð 3.950.000 kr.

Quicksilver 580 Pilothouse · 80 hestafla utanborðsmotor og bátakerra
Fullt verð 3.446.385 kr. · Haustverð 3.190.000 kr.

ÁNAAUUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.rs.is



Settu þér markmið
og byrjaðu að spara!

KB Sparnaður

Dæmi

Markmið: Að komast í lúxus sumarfrí sem kostar 350.000 kr.

Innborgun í upphafi: 20.000 kr.

Lengd sparnaðartíma: 1 ár

Mánaðargreiðsla: 26.244 kr.

Parið fær 15.614 kr. í vexti frá bankanum.



Finndu út hvaða sparnaðarleið hentar þínu markmiði á kbbanki.is
Þú getur hafið KB sparnað í **KB Netbanka**, í þjónustuveri KB banka í síma **444 7000** eða komið við í næsta útibúi bankans.

KB BANKI



BORINN ÚT Löggregla í Moskvu ber meðlim flokks þjóðernis-bolsjevíka út úr þinghúsinu í borginni í gær. Fjór flokksmenn, sem vildu fylgjast með þingfundi, voru handteknir.

FRÉTTABLAÐID/AP

Verið er að skoða aukið framboð á verslunarhúsnæði á Kringlureitnum:

Bið eftir verslunarhúsnæði

SKIPULAGSMÁL Lóðahafar á Kringlureitnum vinna nú að deliskipulagi fyrir Kringlureitnum og sú vinna verður kynnt borgaryfirvöldum síðar á árinu. Þeir sem skipa verkefnispinn eru lóðahafar á svæðinu.

Örn Kjartansson hjá fasteignafélaginum Stoðum segir reitinn afmarkast af Kringlunni að austanverðu en Morgunblaðshúsinu, Sjóvá og Húsi verslunarinnar að vestanverðu.

Örn segir að verið sé að skoða aukið framboð á verslunarhúsnæði á Kringlureitnum og haft hafi verið sambandi við íslenska og erlenda arkitekta vegna uppbryggingsins svæðisins. En þess má geta að



erlendir arkitektar komu að hönnun Kringlunnar.

Örn útilokar ekki tengibyggingu frá nýverandi verslunarhúsnæði yfir í Morgunblaðshúsið verði verslunarhúsnæðið staekkað í þá átt.

„Það er mikil aðsókn að verslunarplássi í Kringlunni og öll verslunarímmi hennar hafa verið í útleigu síðustu fjögur ár og biðlistar eftir plássum.“

Stærð væntanlegs verslunarhúsnæðis er enn á tillögustigi og fékkst ekki uppgefið. - hs

KRINGLAN ER EFTIRSÓTT
Biðlistar eru eftir verslunarrími í Kringlunni.

Álverið við Grundartanga:

Lyftari keyrði á gangandi mann

GRUNDARTANGI Lyftari ók á starfsmann steypuskála Norður-áls við Grundartanga seit á manudagskvöld. Maðurinn meiddist lítillega og var fluttur með sjúkrabíl til Reykjavíkur til aðhlyningar.

Að sögn Ragnars Guðmundssonar, framkvæmdastjóra fjármála- og stjórnunararsviðs Norðuráls, fór betur en á horfist. Maðurinn hlaut engin beinbrot en það brotnaði úr tveimur tönum auk þess sem hann skarst lítillega.

Maðurinn hefur verið útskrifður af spítala og mun hann vera á batavegi. - bjs

Halldór Blöndal hættir þingmennsku í vor eftir 35 ára störf í stjórnálum:

Ef maður á ekki góða konu þá getur maður ekki staðið í svona

STJÓRNMÁL Halldór Blöndal gefur ekki kost á sé til endurkjörs á Alþingi í vor. Hann tilkynnti um þá ákvörðun síðan 1963, fyrst sem blaðamaður og erindreki og svo sem frambjóðandi 1971 og þingmaður síðan 1979, „sagði Halldór í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég byrjaði hér og hef verið virkur þáttakandi í öllum alþingiskosningum síðan 1963, fyrst sem blaðamaður og erindreki og svo sem frambjóðandi 1971 og þingmaður síðan 1979,“ sagði Halldór í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann segir tíma til kominn að draga sig í hlé og gefa öðrum tækifæri. „Ég verð 69 ára á næsta ári og mig langar að vera meira með konu minni og börnum á meðan heilsan er enn góð.“

Halldór var varapringmaður frá 1971 til 1979 þegar hann hlaut fast pingsæti. Hann var landbúnaðar- og samgönguráðherra 1991-1995 og samgönguráðherra 1995-1999. Þá var hann forseti Alþingis 1999-2005. Halldór er nú formaður utanríkismálanefndar þingsins.

„Þetta hefur verið langur en mjög góður tími. Stjórnál eru krefjandi og þó stundum blási á móti er starf stjórnálamanusins mjög gott,“ segir Halldór.



HALLDÓR BLÖNDAL Hefur setið á þingi síðan 1979.

Hann kveðst hafa náð ýmsu fram á ferli sínum og nefnir í því samhengi jarðgöng til Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og Háskólan á Akureyri.

Fjögur ár eru síðan Halldór ákvæð að bettera kjörtímabil yrði hans síðasta. Hann ætlar að sitja

til vors; segist enda alls ekki vera uppgefinn en meiri samvistir við fjölskylduna togí í hann. Halldór bakkur konu sinni, Kristín Eymundsdóttur, fyrir ríkan stuðning í gegnum árin. „Ef maður á ekki góða konu þá getur maður ekki staðið í svona.“ - bjs



LYSING.IS // 540 1500

Staðardagskrá 21 MÁLPING um loftlagsbreytingar

HVAÐ GET ÉG GERT?

Málþingið verður haldið í Hafnarborg fimmtudaginn 21. september og hefst klukkan 20.00.

Á málþinginu er m.a. útskýrt af hverju loftslagsbreytingar stafa, hvað í daglegu lífi okkar hefur áhrif á loftslag og veittar gagnlegar upplýsingar um ýmislegt sem almenningur getur gert til að draga úr þessum breytingum.

DAGSKRÁ:

- | | |
|-------|---|
| 20:00 | Setning
Gunnar Svavarsson
forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar |
| 20:10 | Loftslagsbreytingar – Hverjum klukkan glymur
Ingibjörg Björnsdóttir Landvernd |
| 20:30 | Orkunotkun – Tækifæri til breytinga
Sigurður Friðleifsson Orkuseiti |
| 20:50 | Hjólreiðar - Hreinna loft,
bætt lýðheilsa, betri fjárhagur
Morten Lange formaður
Landssamtaka hjólreiðamanna |
| 21:10 | Kaffi |
| 21:30 | Loftslagsbreytingar og framtíðin
Hvernig fáum við börnin okkar til að breyta til?
Ingimar Bjarni Sverrisson
ungmennaráði Hafnarfjarðar |
| 21:50 | Loftslagsbreytingar - Hvað veldur móttöðu við breytingar á hegðun?
Marteinn Steinn Jónsson sálfræðingur |
| 22:10 | Full af lofti
Arnheiður Hjörleifsdóttir
Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 |
| 22:30 | Málþingi slitið |

Stjórnandi málþingsins er Gunnar Svavarsson forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Allir velkomnir – enginn aðgangseyrir

Kynning á tvíorku bílum frá Heklu og Toyota verður við Hafnarborg frá kl. 18 sama dag. Allir áhugamenn um bíla eru hvattir til að kynna sér nýja valmögleika í bílum.




Nánari upplýsingar eru á www.hafnarfjordur.is

Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef big vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér sniðuga lausn.

Bítlán // Bílasamningur // Einkaleiga





„Ég stundaði nám í íslensku við Háskóla Íslands. **En það var Guðrún Kristín Antonsdóttir sem kenndi mér að lesa Skólaljóðin í 4., 5. og 6. GA í Árbæjarskóla.**“

Samstarfsfyrirtæki	Alltaf fóst endurgreiðsla	Tilboð fyrir korthafa í Smáralind fimmtudag og föstudag!
BT	1,50%	
Byggt og búið	2%	15% afsláttur af öllum pottum og pönnum
Café Adesso	5%	Kaffi og terta 690 kr.
Carat – Haukur gullsmiður	5%	10% afsláttur af öllum úrum
Coast	2%	25% kynningarafsláttur af öllum vörum
Debenhams	2%	20% af öllum dömufratnaði 15% afsláttur af allri snyrtivöru
Dorothy Perkins	2%	20% afsláttur af gallabuxum
Evans	2%	40% afsláttur af pilsum og kjólum
Hagkaup	0,65%	25% afsláttur af snyrtivörum
Herragarðurinn	2%	
Home Art	5%	15% endurgreiðsla af öllum vörum
Hjörtur Nielsen	5%	20% endurgreiðsla af öllum vörum
Ís-inn	10%	20% endurgreiðsla af öllu
Joe Boxer	10%	20% endurgreiðsla af öllum vörum
Jói Fel	5%	
Lyfja	0,65%	20% afsláttur af öllum vitamínum/guli miðinn
nammi.is	10%	20% endurgreiðsla af öllu
OASIS	2%	20% afsláttur af öllum bolum
Office 1	1,50%	10% afsláttur af öllum vörum og 5.000 kr. afsláttur af ferðatölvum – gildir ekki með öðrum tilboðum
Pizza Hut	10%	Tilboð fyrir 4 á 3.990 kr. Forréttur: Ostafylltar brauðstangir eða nachos Aðalréttur: 2 miðstærðar pizzur af matseðli Meðlæti: Kanna af gosi
Skífan	2,50%	
Smárabíó	2,50%	
Smáraskóari	2%	15% afsláttur af skóviðgerðum og 15% afsláttur af skóáburði Ath! Sýna þarf kort við komu
Subway	3%	6" skinkubátur, gos og kaka í eftirrétt á 500 kr. Ath! Gildir ekki með öðrum tilboðum og aðeins í Smáralind
Steinar Waage	2%	20% afsláttur af Peter Kaiser og Ara skóm
Top Man	2%	
Top Shop	2%	25% afsláttur af öllum skóm
Útilíf	2%	20% afsláttur af USA PRO-línunni

Helgartilboð nánar auglýst
23. september í Fréttablaðinu.

- Lifandi tónlist, fim.-lau.
- Ókeypis andlitsmálning, lau.-sun.
- Hoppkastali, lau.-sun.
- Körfuboltakeppni, lau.-sun.
- 25% afsláttur á barnasýningar í Smáralíði, lau.-sun.

21.-24. september

Tilboðsdagar í Smáralind!

Veröldin okkar
barnaskemmtistaður
50%
afsláttur
alla dagana

Fyrir e-korthafa og e² Vildarkorthafa

Í dag hefjast tilboðsdagar fyrir e-korthafa og e² Vildarkorthafa í Smáralind. Tilboð samstarfsfyrirtækjanna eru hvert öðru glæsilegra og því eins gott að missa ekki af einstöku tækifæri til að gera frábær kaup! Fjölbreytt skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna. **Sjáumst!**



Djassbandið
Flís
hjá Te og kaffi
kl. 18-20 fimmtudag
kl. 17-19 föstudag
kl. 15-17 laugardag

Þú getur sótt um e-kortið á www.ekort.is
og e² Vildarkortið á www.e2.is

ekort
www.ekort.is

e² **Vildarkort**
www.e2.is

„ORÐRÉTT“

Kannski bara ekkert svo handlaginn?

„Dæta er tignarleg uppgjöf. Það er algengt að verki sé lokið fyrr en maður heldur.“

Ragnar Kjartansson, sem hætti við að gera upp leikhússtíku Hitlers sem Helgi Björn haði gefið honum leifarnar af. Fréttablaðið, 20. september.

Koma svo!

„Allt bærilega frjálslynt fólk í landinu hlýtur að skora á (Sjálfstæðis)flokkinn að hann loki RÚV áður en hann tapar meirihlutanum til umbótasinnaðra vinstrimanna sem eru líklegir til alls nema loka RÚV.“

Kristófer Már Kristinsson um málnefni RÚV. Morgunblaðið, 20. september.

tilveran**SJÓNARHÓLL**

FRAMBOÐSMÁL
SJÁLFSTÆÐISFLOKKINS

**Vonandi nær Geir í sæta stelpu**

„Er þetta ekki allt bara hið besta mál?“ segir Kolbeinn Proppé, sagnfræðingur og fyrri verandi frambjóðandi Vinstri grænna, um þær hræringar sem nú eiga sér stað í framboðsmálum Sjálfstæðisflokkins. „Það er vonandi að flokknum takist að fá það fólk sem hann telur helst að geti miðlað hugsjónum sínum.“

Kolbeini líst vel að að Guðlaugur Þór Pórðarson taki slaginn við Björn Bjarnason. „Það er finn ef Guðlaugi tekst að sópa síðustu leifunum af Davíd úr flokknum. Það er vonandi að Geir hafi veðjað á réttan mann í djobbið. Vonandi er svo Guðlaugur ekki með jafn vota drauma um íslenskan her og Björn.“

Kolbeini sýnist flokkurinn hafa verið að senda Árna Johnsen skýr skilaðið þegar númerandi fjármálaráðherra farði sig í Suðurkjördæmi. **En hvað með kvenmannsleysið?** „Það hefur lögum háð flokknum en kjósendur hans virðast ekki setja það fyrir sig. Eigum við ekki bara að vona að Geir takist að ná í einhverja sæta stelpu á balli og fá hana í framboð.“

Fyrirtækið Hollusta úr hafinu hefur sett á markað ýmsar hollustuvörur unnar úr þara og fjörugrösum. Eyjólfur Friðgeirsson, eigandi fyrirtækisins, segist vera að endurvekja forna matarmenningu sem hafi tapast í allsnægtum landans á síðustu öld, en sé nú að komast í tísku á ný með auknum áhuga á hollustufæði og suður-asískri matargerð.

„Íslendingar notuðu þara í matargerð allt frá landnámsöld og það voru líklega íran sem komu með þessa þekkingu til landsins, enda er notkunin ekki þekkt í Noregi,“ segir Eyjólfur. „Íslendingar töpuðu þessu svo niður, enda komst hálflgerður fátækra stimpill á að nota þetta. Það er þó ekki mjög langt síðan því ég hitti oft fólk sem segist munu eftir því að amma sín notaði þara og fjörugrös í matargerð.“

Eyjólfur segist finna fyrir miklum áhuga – „þó þetta séu nú



Með væna þarablóðu.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HARALDUR ÖRN ÓLAFSSON LÖGFRÆÐINGUR OG FJALLAGARPUR

Skrapp á Mont Blanc

„Það er vissulega aðeins minna að frétt af manni en áður,“ segir pólfarinn og fjallagarpurinn Haraldur Örn Ólafsson. „Ég hef aðeins verið að sína leidsoðum mannahlutverkinu, fór t.d. með fjörtán manna hóp á Mont Blanc í ágúst á vegum Ferðafélags Íslands. Það er fint fjall fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu spor að stærri fjöllum, tölvert bratt og nokkurt klifur á köflum. Þetta var víkuferð, þar af fjórðir dagar í hæðaraðlöginum. Haraldur fór einnig fyrir hópi sem sló Íslandsmeit á Hvannadalshnúk í vor.“

„Að fara á Hvannadalshnúk er nýjasta æðið á Íslandi. Fjöldametið var slegið í vor þegar 130 manns fóru upp í einu.“

Haraldur er lögfræðingur að meint og vinnur í viðskipta-

ráðuneytinu. Fyrir utan göngur og ferðalög á Íslandi var hann í Króatiu í sumar og sigldi á skútu. „Það var gaman að kynna því sporti.“ Hann segist ekki með nein risaplón á teikniborðinu, „enda er maður búinn að taka ágætis törn. Það eru þó altaf einhver spennandi verkefni að þa við eyrað.“

Á næsta ári verð ég t.d. fararstjóri á ferð á Kilimanjaro, en það er nú svo sem engin risaferð.“

**KENNING:
UMSKURÐUR SKAPAR
VESEN**

Hver er með mestu vesenið í heiminum í dag? Jú, múslimar, gyðingar og Bandaríkjamenn. Hvað eiga þessir hópar sameiginlegt?



Jú, umskurðinn. Þar sem umskornir eiga í mesta basli með að frá sér – umskurður var m.a.s. innleiddur í enskumælandi löndum í forvarnarskyni gegn sjálfssróun á 18. old – má auðveldlega setja fram þá kenningu að öll heimsins ógæfa stafi af öllum þessum umskornu mónum sem geta ekki fengið útrás á annan hátt en með þessu endalausa veseni. - gih

Gleymd matarmenning endurvakin

EYJÓLFUR FRÍÐGEIRSSON Með hluta af framleiðslu Hollustu úr hafinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK



PARATAKA VIÐ GRUNDARFJÖRD Þari í dag, snakk á morgun.

grænmetrisrétti.“ Eyjólfur bætir við að frægð beltisþarans hafi risið hæst þegar hann var notaður sem grunnur í fiskisúpuni frægu á Fiskidögum Dalvík í sumar.

En það er ekki það sama, þari og þari, eins og Eyjólfur útskýrir:

„Beltisþarinn er margær en fellir blaðið á vorin og við stilkið vex

nýtt blað. Sumarblaðið er þunnt en bykknar þegar kemur fram á haust. Þegar ég setti beltisþarann fyrst á markað í vetur var það vetrarþari. Ég skar hann í bita og purrir voru bitarnir dökkr og bykkir. Þegar kom fram á sumar varð þarinn miklu þynnur. Punni þarinn er ekki eins fallegur og bykki vetrarþarinn, en á móti kemur að hann er miklu sætari og gómsætari.“

Eyjólfur er enn að prófa sig áfram með vörutegundir og vinnur einnig með söli og fjallagrös. Hann segir maukuð söl – „söl purré“ – vera með sterku og góðu bragði og á í samingavíðraðum við Vogabæ um að setja á markað sölvabragði. Parasnakkið, sósurnar og kryddið frá Hollustu úr hafinu fást í heilsubúðum og í völdum matvöruverslunum.

gunnarh@frettabladid.is

Christine Opp er félagi númer tvö þúsund í Vinstrihreyfingunni - grænu framboði: Ég hef alltaf verið græn í gegn

Christine Opp, sem býr í Hveragerði, gekk á dögumum í Vinstrihreyfinguna - grænt framboð og varð flokksmaður númer 2.000. Af því tilefni var hún heiðruð sérstaklega með blómum og bók Guðmundar Páls Ólafssonar, Um víðerni Snæfells.

Steingrímur J. Sigfússon gerði félagalatið að umtalsfni í máli sínu á flokksráðsfundi VG fyrir í mánuðinum. Hann sagðist vita að von væri á félaga númer 2.000 og hvatti fundarmenn til að láta þau boð út ganga að sá tvöfusundasti mætti eiga von á glæðningi.

Án þess að hafa þá hvatningu sérstaklega í huga gengu hjónin Christine og Norbert í flokkinn hinnum 11. september. Norbert var á undan og varð félagi númer 1.999. Á hæla hans kom Christine.

„Ég hef alltaf verið græn í gegn,“ svaraði Christine spurð



TEKID VIÐ GLÆÐNINGI Kolbrún Halldórsdóttir afhenti Christine blóm og bók við inngönguna í VG. Við hlið þeirra stendur Norbert, félagi í VG númer 1.999.

hvers vegna hún hefði gengið í flokkinn. „Sjálfbær þróun er minn lifsstíll og það er leiðarljósíð hjá VG,“ sagði hún.

Christine er frá Þýskalandi en hefur búið hér meira eða minna í tuttugu ár og segir náttúruna hafa

togað sig til landsins. Hún er öryrkja og málefni öryrkja eru henni ofarlega í huga. „Sérstaklega beirra sem fá aðeins brot af þessum svokölluðu lágmarksörorkubótum. Það þarf að vinna að þeim málum og ég trúi að VG geri það.“


5811799

SAMTAKA MÁTTUR FORELDRA ÁR!

www.vimulaus.is

1986-2006

VIMULAUS FSKA



„Ég vildi óska að ég
hefði **Vaknað**
þegar þetta
pakk valsaði
um húsið mitt.“

GOTT FÓLK McCANN


Þú getur búið við betra öryggi heima hjá þér með Heimavörn.
Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma
580 7000. Við metum þörfina í samráði við þig og gerum
þér tilboð í Heimavörn frá 4.900 krónum á mánuði sem er
beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112.



HEIMAVÖRN

Svona erum við

> Meðalneysla á fiski á hvern íbúa

**FBL GREINING: TAÍLAND**

Taíland er land hinna frjálsu

Eftir valdarán tailenska hersins hafa augu marga beinst að Konungsríkini Taílandi, en það er opinbert nafn þessa lands sem fram að árinu 1949 var þekkt undir nafninu Siam. Muang Thai, eða Taíland, þýðir Land hinna frjálsu.

Hvernig land er Taíland? Landið er fimm sinnun stærra en Ísland, um 513.000 ferkilómetrar. Þar búa 65,5 milljónir manna. Landið er í Suðaustur-Ásíu og næstu nágrennar eru þegnar Laos, Malaísia, Mjanmars og Kambódíu. Þjóðaríþrótt Taílendinga er taíbox, bardagaíþrótt sem náði vinsældum á Vesturlöndum á síðasta áratug og er þekkt fyrir hörkuleg atök keppenda. Gífurleg virðing fyrir eldri kynslóðinni er einkennandi fyrir tailenska menningu og er algengt að sjá fólk krjúpa að tám öldunga þar í landi. Ekki

má gleyma gestrisni og öræti Taílendinga, sem er kunn um víða veröld. Opinbert tungumál er tailenska og helstu trúarbrögð eru búddismi og brahmatrú.

Hvernig er stjórnarfarið í Taílandi? Um þessar mundir gilda herlög í Taílandi en alla jafna er landið stjórnarskrárbundið konungsríki. Konungur er ótvíráett sameiningartákn Taílendinga og refsívert er að hnýta í hina konungalegu fjölskyldu eða gagnrýna hana. Núverandi konungur hefur setið á valdastóli í sextíu ár og er virtur og dáður af þegnum sínum. Lýðræði er þó nokkuð sterkt í landinu;



konungur velur forsætisráðherra eftir leiðbeiningum þingmanna og yfirleitt þann leiðtoga sem getur myndað meiri hlutastjórn eftir kosningar.

Eru valdarán algeng í landinu?

Á síðustu 35 árum hafa verið gerðar minnst tju tilraunir til valdaráns og allar heppnuðust þær nema ein. Vegna sterkrar stöðu konungs er lítl hætta á upplausn þótt herinn skipti um valdhafa af og til. Reynt hefur verið að takmarka völd hersins á síðustu árum, til dæmis árið 1992 þegar Suchinda herforingva var velt úr sessi eftir að herinn skaut á mótmælendur í Bangkok. Þá samþykkti þingjó að minnka áhrif hersins í tailenskum stjórnálum.

baksvið

fréttir og fróðleikur



PÓRARINN TYRFINGSSON

2.400 á Vog

Neysla áfengis hefur aukist um meira en 35 prósent frá því að 1993 hér á landi. Aðeins litill hluti fólk sem þjáist vegna fylgivilla vímuefnaneyslu leitar sér hjálpars að meðferðarsjúkráhusum eða öðrum heilbrigðisstofnum. Rannsóknir á áfengissjúklingum hafa leitt í ljós að sjúkdómar sem rekja má til vímuefnaneyslu eru algengir og alvarlegir. Pórarinn Tyrfingsson er yfirlæknir á Vogi.

Hversu margir koma á Vog árlega? „Í ár er reiknað með 2.400 komum. Aðeins einn sinni hafa fleiri komið en það var árið 2000. Ástæða fjölgunarinnar skýrist að hluta til af því að úrræði Landsþítalans fyrir vímuefnaneystendur eru færri nú en áður.“

Er sjúklingum á Vogi fylgt eftir? „Já, eftirfylgni er sinnt á göngudeild Vogs hér í Reykjavík og á Akureyri og dæmi eru um að fólk séki göngudeildarþjónustu í allt að ár eftir meðferð.“

Ætlar að stjórnna í eitt ár

Aðeins átján mánuðir eru liðnir frá því að Thaksin Shinawatra hlaut dúnrandi endurkosningu í Taílandi með yfirgnæfandi meirihluta eftir að hafa fyrstur manna þar í landi afrekað það að sitja í heilt kjörtíma bil á stóli forsætisráðherra. Nú hafa veður heldur betur skipast í lofti, honum hefur verið steyppt af stóli og á vart afturkvæmt til Tai- lands í bráð.

Thaksin hafði brugðið sér til útlands, hélt fyrst til Kúbu í stutta heimsókn en var staddur í New York á Allsherjarþingi Sam einuðu þjóðanna á briðjudaginn begar herinn í Taílandi gerði stjórnarbyltingu. Leiðtogi byltingarinnar er Sondhi Boonyarat klin herforingi, sem tókst að ná völdum í landinu án blöðsúthellinga síðla priðjudagsins.

Thaksin virtist í fyrstu stað ráðinn í því að snúa aftur til Taílands og taka til sinna ráða. Hann létt flýta ræðutíma sínum á Allsherjarþinginu frá miðvikudegi til briðjudags til þess að komast fyrr heim, en afbóðaði síðan ræðuna og hélt í gær til Bretlands þar sem dóttir hans er við nám. Oljóst er hve lengi hann hyggst

dveljast þar, en í gær virtust í það minnsta stuðningsmenn hans í Taílandi hafa sæst á þau málalok að valdatíma hans væri lokið.

„Við verðum að fallast að það sem hefur gerst,“ hafði AP-fréttastofan eftir opinberum talsmanni Thaksins, Surapong Suebwonglee. „Við komum ekki aftur í bráðina.“

Lofar lýðræði á ný

Sondhi herforingi boðaði í gær til blaðamannafundar þar sem hann hét því að efna til kosninga í október á næsta ári. Sjálfur ætlar hanna að taka að sér forsætisráðherraembættið í hálfan mánuð, en að þeim tíma liðnum reiknar hann með að nýr maður verði settur í embættið og jafnfram verði búið að semja drög að bráðabirgðastjórnarskrá fyrir landið. Einnig gaf hann til kynna að Thaksin yrði líklega dreginn fyrir dóðara léti hann sjá sig í Taílandi.

Konungur landsins, Bhumibol Adulyadej, lýsti í gær stuðningi sínum við byltinguna og útnefndi formlega Sondhi herforingja yfirmann nýju stjórnarinnar „til þess að stilla til friðar í landinu,“ eins og sagði í yfirlýsingu frá hennum í sjónvarpi.

Byltingin kom engan veginn eins og bruma úr heiðskíru lofti, þótt margir landsmenn hafi lýst undrun sinni, því lengi hafði verið orðrómur á kreiki um að herinn myndi steypa Thaksin af stóli. Lóng hefð er reyndar fyrir því í Taílandi að herinn hrifsi til sín völdin þegar stjórnvöld virðast ekki ætla að ráða við ástandið, þótt fimmtíðar ár séu liðin frá því síðasta valdarán var framið.

Sondhi segir aðgerðir sínar hafa verið nauðsynlegar til þess að lægja hatrammar deilur í landinu og stöðva spillingu meðal ráðamanna.

Skorti aldrei andstæðinga

Þótt Thaksin hafi verið vinsæll framan af skorti hinn aldrei andstæðinga, sem sögðu hann spilltan, stjórnaman og hrokafullan. Thaksin höfðaði einkum til fátækjar alþýðunnar í sveitum



FYRIR UTAN KUNUNGSHÖLLINA Vígalegir hermenn stóðu í gær vörð um helstu byggingsarf.

landsins, enda bauð hann upp á ymsar kjarabætur, en vel stæðir borgarbúar sögðu hann aftur á móti ekki hika við að brjóta mannréttindi og troða á fjölmöldum landsins.

Thaksin er með auðugustumönnun í Taílandi. Áður en hann fór út í stjórnálum hafði hann lengi rekið stórt fjarskiptafyrirtæki með góðum árangri. Hann komst til valda árið 2001 rétt í þann mund þegar Taíland var að rétta úr kúnum eftir efnahagskreppuna, sem hafði reynst mör gum Asíulöndum erfið í sveitum.



SONDHÍ BOONYARATKALIN Herforinginn brosti breitt í gær þegar hann skýrdi frá vel heppnuðu valdaráni. FRÉTTABLAÐID/AP

THAKSIN SHINAWATRA Forsætisráðherran þáverandi veifaði glaðlega til ljósmyndar þegar hann kom til Kúbu í síðustu viku, þar sem hann sótti leiðtogafund ríkja sem standa utan hernaðarbandalaga. FRÉTTABLAÐID/AP

Sala fyrirtækis

Hann sagðist stunda alveg nýja tegund af stjórnálum, lagði áherslu á að höfða til alþýðunnar og stærði sig af því að geta blásið lífi í efnahaginn með því að stjórn landinu eins og fyrirtæki.

Thaksin virðist hafa þó gengið fram af fólk í janúar síðastliðnum þegar hann og fjölskylda hans seldu hluti sína í fjarskiptafyrirtækinu Shin Corp og högnuðust óskaplega á þeim viðskiptum. Til þessa atburðar virðist mega rekja upphafið að falli hans, því fljóttlega mögnumuðust upp kröfur um afsögn forsætisráðherrans.

Hann brást við óánægjunni með því að efna til kosninga í apríl, þar sem hann bar að visu sigur úr býtum, en stjórnarandstaðan leiddi þær kosningar hjá sér með öllu. Kosningarnar voru síðar dæmdar ógildar og boðað til nýrra kosninga í október, en af þeim kosningum verður nú ekki.

Í vor tók hann sér sjó vikna frí eftir kosningarnar, en stöðug spenna hefur ríkt í landinu allar götur síðan, svo mjög að nánast bötti tímaspursmál hvenær herinn myndi steypa honum af stóli.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

Kaffivél, brauðrist og hraðsuðukanna í sama stíl



SIEMENS
Kaffivél, TC 60201

Tækifærirverð
5.900 kr. stgr.

SIEMENS
Brauðrist, TT 61101

Tækifærirverð
3.900 kr. stgr.


SIEMENS
Hraðsuðukanna, TW 60101

Tækifærirverð
5.900 kr. stgr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4
Sími 520 3000
Skoðið öll tilboðin á www.sminor.is

Verið ávallt velkomin í heimsókn



Haustferð í Next

Helgina 21. - 24. september

Þú gætir dottið í lukkupottinn og unnið gjafakort frá EGG, í leikhús eða bíó auk fjölda annara spennandi vinninga. Einn heppinn viðskiptavinur verður síðan dreginn úr pottinum okkar og fær 50.000 króna gjafabréf í NEXT. Heildarfjöldi vinninga er á annað hundrað.

Rúsínan í pylsuendanum er að þú getur borgað með gamla gjaldeyrinum sem þú notaðir ekki í sumar. Komdu með evrurnar, pundin eða dönsku krónurnar og gerðu jólainnkaupin snemma.

Ekki leita langt yfir skammt.



NEXT
KRINGLUNNI



JÖNSSON & LEMACKS • JI.I.S • SIA • Ljósmynd: Svennur Speight

BORDSTOFUBORD: 42.900 BORDSTOFUSTÓLAR: 12.900 SKENKUR: 39.990
STÁLVASI: 4.990 STÁLSKÁL: 5.990 KRISTALL DEMANTUR: 599 LJOSAKRÓNA: 89.990
KAMPAVÍNSGLAS: 1.295 HVÍTVÍNSGLAS: 499 VEGGFÓÐUR: 6.995, 20 METRA RÚLLA



VELKOMIN HEIM

EGG er með allt til að innréttta og fegra heimilið þitt. EGG er á Smáratorgi.




„Ég vildi fá reiðhjól”

Skinnið var ekki á óskalistanum. Ég man enn hvað ég átti erfitt með að fela fyrir ömmu hversu svekkt ég var. 25 árum síðar er þetta eina fermingargjöfin sem ég á ennþá.

Útgjöldin

> Eggjaneysla á Íslandi á hvern íbúa



neytendur

hagur heimilanna

■ DÝRAST/ÓDÝRAST

Kaffi

Dýrasta kaffi landsins er frá Euroshopper og fæst í Bónus. Fimmhundruð gramma poki er á 159 kr., eða 318 kr. kilóið. Dýrasta kaffi landsins er hins vegar Jamaica Blue Mountain sem Te & kaffi hefur selt. Það er selt í 125 gramma pokum á 1.995 krónur stykið, eða 15.960 kr. kilóið. Það má því fá 50 kiló af Euroshopper-kaffi fyrir eitt kiló af því jamaísku. Það er ræktad hátt í fjallshlíðum Jamaika á fáeinum hríslum. Örfáir sekkir fara í sölu árlega og Te & kaffi vonast til að fá smáraði til sölu í vetur. Þetta kaffi er að sögn gríðarlega gott, enda selst það hratt upp í hvert skipti sem það er boðið til sölu hérlandis.



■ Ný þjónusta símans

Tvö símtæki með sama númer

Tvíburakort er ný þjónusta Símans sem gerir viðskiptavinum fyrirtækisins kleift að vera með tvö mismunandi símtæki með sama símanúmer. Þessi áskriftaleið er sérhönnuð fyrir þá símnotendur sem að nota tvö símtæki, til dæmis Blackberry síma og farsíma. Ef aðalsíminn er ekki í notkun flyst hringin yfir í hinn símann og báðir símarnir hafa sama talhólf. Þótt um tvö símkort sé að ræða vinna kortin saman þannig að notandinn og þeir sem hringja í símana nota einungis eitt númer. Læsingar og aðrar sérþjónustur speglast af aðalsímanum yfir á aukasímann og notkun símannar gjaldfærir á bæði númer símannar þannig að notandinn getur fylgst með kostnaði hvors símtækis fyrir sig.

■ Verslun og þjónusta

Fleiri vildarpunktar



Svokölluð Visa Lán standa viðskiptavinum Icelandair nú til boða og segir á vefsíðu fyrirtækisins að það sé í boði í fyrsta sinn í ferðaþjónustu á Íslandi. Með þessu láni sé hægt að dreifa greiðslum á pakkafærðum á vefnum, fá staðgreiðsluverð þó greitt sé með korti, greiða lægri vexti af láninu en ella auk þess sem vildarpunktar fáist frá Visa auk þeirra sem fást við kaupin á pakkanum.

■ Verslun og þjónusta

Lífrænt og vistvænt

Neytendasamtökun telja að þekkingu skorti meðal neytenda á mismunandi gæðum landbúnaðarvara svo sem vistvænni framleiðslu og lífrænni. Í stuttu máli felst munurinn á gæðunum í því að lífræn ræktun byggir á alþjóðlegum stöðlum þar sem sáðvara, áburður og varnarefni eru af náttúrulegum uppruna, það er að segja lífrænn úrangur er nýttur sem áburður, ræktarland er hvilt til að auka frjósemi jarðvegs, búfé er fóðr að með lífrænu fóðri og strangar kröfur eru gerðar um aðbúnað þess. Notkun á skordýrafeiti, tilbúnnum áburði, fyrirbyggjandi lyfjum og erfðabreyttum efnum er með öllu bönnuð. Í vistvænni ræktun má nota tilbúinn áburð, fyrirbyggjandi lyf og varnarefni innan ákveðinna marka.



STEINUNN JAKOBSDÓTTIR, BLAÐAMAÐUR Á REYKJAVÍK GRAPEVINE:

Eldgamalt en stórglæsilegt hjól

„Ég held að ég hafi gert bestu kaup míni í gær. Ég var nefnilega að kaupa mér hjól. Kostaði ekki nema 3.000 kall,” segir Steinunn Jakobsdóttir, blaðamaður á Reykjavík Grapevine og fyrverandi ritstjóri Orðlauss. Hún segir að hjólið eigi eftir að koma að góðum notum því hún á ekki bíl. Núna geti hún notað hjólið til að komast í og úr vinnu. „Þetta er svona fínt fjallahjól með kórfu og öllu. Ég get geymt allt draslið mitt í körfunni.” Steinunn segist bara vera að bíða eftir því að fá lyklana að hjólinu athfenta en hún er að kaupa það af starfsstúlkum á Kaffibarnum sem er að flytja til útlanda.

„Þetta er eins spennandi og að fá lyklana að bíl. Hjólið er eldgamalt en stórglæsilegt. Seljandinn segir mér að það dugi upp og niður Hverfisgötuna en það á eftir að koma í ljós. Ég reiði það

kannski bara upp götuna. Veit ekki hvort þolið hjá mér þoli þá leið.“

Steinunn vonast til að hennar bestu kaup eigi eftir að hjálpt til við að koma samviskubitu inu vegna þeirra verstu í burtu. „Það versta sem ég hef nokkurn tímamann keypt mér er árskort í líkamsrækt sem ég keypti fyrir tveimur árum, en hef aldrei notað.” Hún man ekki alveg hvað það kostaði en veit þó að það var ágætis upphæð. „Ég ætlaði að fara að taka mig því líkt á, en bara fór að aldrei. Ég gerði nú ekkert annað í staðinn en nú var ég að kaupa mér hjól þannig að bestu kaupin gætu hjálpað til við að lina samviskubitu. Þetta helst allt í hendur.“



GÓÐ HÚSRÁÐ

HAFIÐ GLUGGANA OPNA

■ Magnús Leopoldsson fasteignasali segir mikilvægt að lofta út reglulega til að fyrirbyggja fúa í gluggakistum.

„Í starfi mínu sem fasteignasali skoða ég mikil af húsnæði og tek þá stundum eftir því að sverta er byrjuð að myndast í gluggakistum. Þessi sverta er byrjun á fúamyndun. Ég verð sérstaklega var við þetta í herbergjum þar sem gluggar eru sjaldan opnaðir.” Magnús segir það fara betur með húsnæðið að hafa glugga opna.

„Við lagfæringer mæli ég með því að fá iðnaðarmenn í verkin nema fólk sé bess fullvisst að það geti gert hlutina þokkalega vel.“



Fríhöfnin þyrfti að efla upplýsingagjöf

Bannað er að fljúga með vökvá í handfarangri beint til annarra landa frá Bandaríkjunum, jafnvel þó að vökvinn hafi verið innsiglaður í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli, nema hann sé settur í ferðatökskuna áður en flugi er halddi áfram. Það er hins vegar leyfilegt að kaupa vökvá í Fríhöfninni og flytja inn til Bandaríkjanna ef vökvinn hefur verið innsiglaður.

Misbrestur virðist á því að upplýsingastreymi sé nóg gott hvað þetta varðar. Fríður Helgadóttir, starfsmaður Skjalasafns Kanada, flaug frá Íslandi til Kanada í gegnum Boston fyrir fjórum vikum og fékk þær upplýsingar að það væri í lagi að flytja vökvá áfram til Kanada. Það reyndist rangt og var vökvinn, sem hún hafði keypt, gerður upptækur í Boston.

„Þegar ég kom inn í flugstöð-



VÖKVÍ GERÐUR

UPPTÆKUR Dæmi eru þess að vökví úr Fríhöfninni, til dæmis ilmvötn og rakspírár, hafi verið gerður upptækur í Boston hjá farþegum sem skiptu þar um vélar og héldu áfram til Kanada. Fríður Helgadóttir lenti í þessu og bendir Fríhafnarstarfsmönnum á að vara farþega við þessu.

innsiglað væri órofið. Ég keypti því eina litla flósku sem síðan var tekin af mér og gerð upptæk í Boston.“

Fríður þekkir dæmi um annan Íslending á leiðinni til Kanada sem hafi keypt rakspírá sem síðan hafi verið gerður upptækur. Hún kveðst hafa sent Jóni Helgasyn verslunarstjóra tölvupóst og beðið hann um að láta starfsfólk Íslendinga fengið neitt svar. Hún bendir Fríhöfninni á að vara farþega betur við þessu.

Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar, segir að Fríhöfnin viti af þessu og hafi brýnt þetta fyrir viðskiptavinum en í rauninni ættu ferðaskrifstofurnar að veita þessar upplýsingar. Öryggisstigð í Bandaríkjaflugi breytist nánast daglega og reglurnar séu misjafnar eftir flugvöllum.

ghs@frettabladid.is



FRÍÐUR HELGADÓTTIR Fríður Helgadóttir fékk þær upplýsingar í Fríhöfninni að það væri í lagi að flytja vökvá í handfarangri til Kanada ef innsiglaður á Fríhafnarþórunum væri órofið. Það reyndist rangt.


RÚV PLÚS NÚ Á DIGITAL ÍSLANDI

STÆRSTA DREIFIKERFIÐ | EINFALDASTA UPSETNINGIN | LANG FLESTAR STÖÐVAR

Rúv plús er á rás 99

OG VODAFONE / 515 6100 / DIGITALISLAND.IS

digital island



ÞVOTTAVÉLAR ÞVOTTAVÉLAR ÞPURRKARAR

EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

AEG LAVAMAT 76820

ÞVOTTAVÉL
með íslensku stjórnborði

og

AEG LAVATHERM 57820

ÞPURRKARI

barkalaus með íslensku stjórnborði

~~Kr. 213.900.-~~

Kr. 175.000.-

Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.

www.ormsson.is

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800

SMÁRALIND · Sími 530 2900

AKUREYRI · Sími 461 5000

KEFLAVÍK · Sími 421 1535

... og hjá
UMBOÐSMÖNNUM
UM LAND ALLT

AEG

Uppþvottavélar Þvottavélar Þpurrkalar



15+

%
afsláttur

KVIKA

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.299 +0,06%

Fjöldi viðskipta 640

Velta 6.130 milljónir

MESTA HÆKKUN

FL Group +3,23%
 Actavis +2,00%
 Bakkavör +1,55%

MESTA LÆKKUN

Dagsbrún -7,39%
 Marel -3,07%
 Flaga 1,54%

Hlutabréf í úrvalsvisítölu: Actavis 66,40 +2,00% ... Alfesca 5,01 -0,60% ... Atlantic Petroleum 575,00 -0,86% ... Atorka 6,40 +0,79% ... Avion 32,50 -0,92% ... Bakkavör 59,00 +1,55% ... Dagsbrún 4,26 -7,39% ... FL Group 22,40 +3,23% ... Glitnir 20,30 -0,49% ... KB banki 862,00 -0,58% ... Landsbankin 26,30 -0,38% ... Marel 79,00 -3,07% ... Mosaic Fashions 18,00 +1,12% ... Straumur-Burðarás 17,30 +0,58% ... Össur 125,50 +0,80%

viðskipti

Umsjón: MARKADURINN nánar á visir.is

Stjórnarformaður Íslands valinn

Í dag verður tilkynnt hver hefur hlotið nafnbótina „Stjórnarformaður Íslands 2006“. Þetta er í fyrsta sinn sem hann er valinn með formlegum hætti hér á landi en tilgangurinn með því er að skapa umræðu og vekja athygli á mikilvægi og gæðum stjórnarstarfa og stuðla að bætta viðskiptasiðferði. Leit að Stjórnarformanni Íslands hófst árið 2005 og var hann að lokum valinn í samráði við fulltrúa háskóla og atvinnulífsins.

Í tengslum við valið fer fram ráðstefna á Hótel Nordica í dag þar sem fjallað verður um mikilvægi orðspors og farið yfir kannanir sem hafa verið gerðar um það efni. Margt áhugaverðra fyrirlesara verður á ráðstefnunni og í lok hennar mun Jón Sigurðsson, við-



JÓN SIGURÐSSON Viðskipta- og iðnaðarráðherra mun afhenda stjórnarformanni Íslands verðlauna.

skipta- og iðnaðarráðherra, flytja erindi og afhenda Stjórnarformanni Íslands verðlaunin. - hhs



Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík býður upp á námsbrautir í matstækni

MATSTÆKNI er hagnýtt og sérhæft nám sem er sniðið fyrir sérfræðinga og þá sem hafa hug að starfa á svíði **eignamats**, svo sem **tjónamats fasteigna**, **fasteignamats vegna viðhalds**, **lánshæfismats vegna fasteignaviðskipta**, o.fl.

Grunnnámskeið hefjast 25. september.
Umsóknarfrestur er til 21. september

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Borgþórsson, gudmb@ru.is og í síma 599-6444.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á slóðinni
www.hr.is/matstakni



OFANLEITI 2 • KRINGLAN 1 • HÖFÐABAKKA 9
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

Peningaskápurinn...

Smærri fjárfestar taka við sér að ný

Það sem af er þessum mánuði hefur velta aukist á hlutabréfamarkaði í Kauphöll Íslands, hvort heldur sem horft er til fjölda viðskipta eða magns. Í samantekt Greiningar Glitnis er bent að meðalfjöldi viðskipta á dag það sem af er mánuði hafi verið 347 en verið 309 í ágúst. „Meðalvelta á dag lækkar hins vegar frá ágústmánuði sem var riflega 9 milljarðar króna en er 4,7 milljarðar króna í september. Þó ber að nefna að einstaka viðskipti í ágúst skekja meðaltalið verulega,“ segir bankinn. Talsverð aukning er að viðskiptum fyrir lágar upphæðir og er það tulkat á þann veg að fjöldi smærri fjárfesta sé að aukast á ný. „Líklegt er að útboðin í Marel og Exista hafi glætt áhuga þeirra,“ segir Glitnir.



Risaútgáfa fæðist í Noregi

Orðrómu er um að norska fjölmíðlasamsteypan Schibsted ASA komi til með að sameinst útgáfufyrirtækjum Aftenposten, Bergens Tidende, Stavanger Aftenblad og útgáfufyrirtækjum tveggja stóra dagblaða. Nýja félagið er sagt munu heita Media Norge. Norska dagblaðið Dagens Næringsliv segir Schibsted fara með ráðandi hlut í félagini eða á bilinu 50,1 til 61,9 prósent. Verðmati á útgáfufyrirtækjum blaðanna er lokið og mun markaðsviði þessa risaútgáfufélags nema 8,1 milljarði norska króna eða rúmum 81 milljarði íslensku króna. Stjórn Schibsted sagði hins vegar í gær að enn hefði ekki verið skrifð undir neitt samskomulag í þessa veru þrátt fyrir um hið gagnstæða. Fyrirtækjir sagðist í síðustu viku stefta á útgáfu fríblaðsins .SE í Svíþjóð í næsta mánuði.

MARKAÐSPUNKTAR

Scania hefur hafnað yfirtökutilboði MAN upp á 9,6 milljarða evra. Haft er eftir framkvæmdastjóra Scania að félagið hafi alla burði til hagkvæms reksturs á eigin vegum.

Kristin Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs, hefur skrifð fjármálaeftirliti landsins og farið fram að öryggi viðskiptavina netbanka í landinu verði aukið. Hún vill meðal annars að sett verði þak á upphæðir sem hægt er að millifæra hverju sinni.

Hópur norska fjárfesta hefur tekið höndum saman um að fjárfesta í ólileitarfélaginu Geysi Petroleum hf. sem hér var stofnað fyrir nokkrum árum. Félagið er með höfuðstöðvar í Noregi.

Skörp hækkan í FL Group

Hlutabréf félagsins hækka um 40 prósent á rúmum mánuði. Væntingar um skráningu Icelandair og viðskipti stærstu hluthafa skýra að hluta þróunina. Það hefur virði hlutabréfa FL í Glitni og Straumi hækkað um tugmilljarða króna.

Hlutabréf í FL Group hafa hækkað um 42 prósent frá því að félagið birti hálfs árs uppgjör um miðjan ágúst. Þetta er meiri hækkan en hjá nokkru öðru Kauphallaflagi á sama tíma.

Á sama tíma hafa fáar fréttir borist frá féluginu nema þær er snúa að kaupum tveggja stærstu hluthafanna, Oddaflugs, félags í eigu forstjórans Hannesar Smárasonar, og Baugs Group. Baugur keypti fyrir hálfan milljarð króna en Hannes fyrir 2,7 milljarða króna. Ætla má að óinnleystur hagnaður Oddaflugs af þessum kaupi nemi ekki undir þrjú hundruð milljónum króna.

Gengi FL Group er sérlega næmt fyrir verðþróun á markaði og þannig lækkaoð það mest allra félaga þegar Úrvalsvisítalan tók dýfi fyrir árinu. Gríðarlegur viðsnúningur á innlendum fjármála-markaði að undanförnu veldur mikilli hækkan á stærstu eignarhlutum FL á innlendum markaði en verðmæti hlutabréfa félagsins í Glitni og Straumi-Burðarási hefur hækkað um tugmilljarða.

Gengisprórun síðustu daga bend-



FJÁRFESTAR VÆNTA AÐ ICELANDAIR VERÐI SKRÁÐ Á MARKAÐ Hlutabréf í FL Group hafa hækkað yfir fjarðutíðum prósent á einum mánuði.

ir líka til þess að fjárfestar búist við skráningu Icelandair Group í Kauphöll Íslands innan skamms, eftir vel heppnuð hlutafjárvíðið hjá Existu og Marel, en hætt var við skráningu Icelandair á vordögum þegar markaðurinn var að falla. Í bókum FL er eignarhlutur í Icelandair metinn á 8,2 milljarða króna en ekki þykir óvarlegt að meta markaðsviði félagsins á 25 milljarða króna. „Erlendir fjölmörlar hafa haft eftir Hannesi að óinnleystur söluhagnaður af sölu Icelandair gæti numið í kringum 18 ma.kr. en í íslenskum fjölmíðum er haft eftir honum að sölu-

hagnaðurinn sé umtalsvert meiri,“ segir í Vegvísí Landsbankans.

Þá hefur Almar Órn Hilmarsson, forstjóri norrænna lággjaldaflugfélagsins Sterling, sem er annað rekstrarfélag í eigu FL, greint frá því stefnt sé að hagnaði Fréttir af kaupum OMX á Kauphöllinni virðast hafa haft jákvæð áhrif á verði í hlutabréfum stærstu félaganna. Talið er víst að stærstu íslensku félögini fái aukna athygli erlendra fjárfesta í kjölfarið. FL Group er varla undantekning í eggert@frettabladid.is

Atorka kaupir enn í NWF

Atorka Group hefur tilgreint til Kauphallaflinnar í Lundúnum að félagið eigi nítján prósenta hlut í NWF Group.

Það var fyrst vorið 2004 sem Atorka tilkynnti til Kauphallaflinnar um kaup sín í NWF og hefur frá þeim tíma verið að auka hlut sinn jafnt og þétt í breska framleiðslu- og dreifingarfélaginu.

Eignarhlutur Atorka er metinn á 2,2 milljarða króna. - eba

KB banki uppfærir verðmat sex félaga

Greiningardeild KB banka hefur uppfært verðmat á sex félögum en þetta eru Alfesca, Bakkavör, Dagsbrún, Marel, Vinnslustöðin og Össur.

Þær breytingar verða á fyrri greiningu bankans að nú er mælt með sölu bréfa í Dagsbrún og að fjárfestar bæti við hlut sinn í Össuri (accumulate) í stað fyrri ráðgjafar um kaup (buy).

Bankinn mælir áfram með kaupum á bréfum í Alfesca, Bakkavör og Marel og ráðleggur

greiningardeild KB banka hefur uppfært verðmat á sex félögum en þetta eru Alfesca, Bakkavör, Dagsbrún, Marel, Vinnslustöðin og Össur.

fjárfestum að draga úr (reduce) hlut sínum í Vinnslustöðinni. - eba

Samþjöppun olli hækkan laxaverðs

STÆKKUN PAN FISH HAFDI MIKIL ÁHRIF, SEGIR FORSTJÓRI ALFESCA. NÝ STJÓRN SJÁLFKJÖRIN Á FUNDI.

Forstjóri Alfesca, Xavier Govare, telur að samþjöppun laxeldisframleiðenda hafi haft mikil áhrif á þá verðþróun sem hefur orðið á stuttum tíma á hráefnisverði á laxi. Skömmu eftir að laxeldisrisinn Pan Fish eignaðist Marine Harvest og síðar Fjord Seafood komst laxaverði á hæðir síðan 1993. Pan Fish er talið ráða um þrjátíu prósentum af allri framleiðslu á eldislaxi.

„Pessi mikla samþjöppun átti sér stað á aðeins tólf mánaða tímabili ... og hefur eðilega valdið auknum verðhækkanum á laxi sem er eitt helsta hráefnið sem Alfesca kaupir,“ sagði Govare á kynningarfundum sem félagið stóð fyrir í vikunni.

Um 37 prósent af veltu Alfesca koma í gegnum sölu á laxaafurðum. Laxaverð hefur verið að gefa eftir að undanförnu eftir að það náði hármarki í júlí en er þó enn hátt í sögulegu ljósi.

Á aðafundi Alfesca í fyrradag var jafnframt ný stjórn félagsins sjálfkjörin. Hana skipa þeir Árni Tómasson, Bill Ronald, Guðmundur Ásgeirsson, Hartmut M. Krämer og Ólafur Ólafsson sem jafnframt er formaður stjórnar. Vara-

maður stjórnar er Aðalsteinn Ingólfsson. Árni Tómasson og Bill Roland eru nýir í stjórninni en úr henni fóru þau Nadine Deswasiere, sem létt að störfum sem stjórnarmaður í mars, og Guðmundur Hjaltason sem ekki gaf kost að sér til endurkjörs.

- eba / hhs

maður stjórnar er Aðalsteinn Ingólfsson. Árni Tómasson og Bill Ronald eru nýir í stjórninni en úr henni fóru þau Nadine Deswasiere, sem létt að störfum sem stjórnarmaður í mars, og Guðmundur Hjaltason sem ekki gaf kost að sér til endurkjörs.

XAVIER GOVARE, FORSTJÓRI ALFESCA Samþjöppun laxeldisframleiðenda átti stóran þátt í að verði laxi hækkaði.



Mikið ber í milli Evrópu og Ameríku

Enn ber mikið í milli Bandaríkjanna og Evrópu í tilraunum til að koma aftur af stað viðræðum um landbúnaðaráfurðir á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO. Lagðar voru fram nýjar tillögur á fundi svokallaðs Cairnhóps í Ástralíu, en í honum eru fullrúar átján landa sem flytja út landbúnaðarvörur. Mark Veile, viðskiptaráðherra Ástralíu, kynrir tillögurnar á fundinum sem hófst í Cairns í Ástralíu í gær og lýkur á morgun.

Susan Schwab, sem fer fyrir sendinefnd Bandaríkjanna, segir

tillögurnar fela í sér ákveðna möguleika, en Carlo Trojan, yfirsamningamaður Evrópusambandsins innan WTO, hafnaði tillögnum alfarið, með þeim orðum að Bandaríkjum legðu of lítið á sig.

Áströlsku tillögurnar fela í sér að Evrópusambandið auki tilboð sitt um niðurskurð tolla á landbúnaðaráfurðum um fimm prósent um leið og Bandaríkin dragi úr stuðningi við landbúnað hjá sér um fimm milljarða Bandaríkjadala, eða sem nemur riflega 350 milljörðum íslenskra króna.




FUNDAD Í ÁSTRALÍU Susan Schwab, sem er fulltrúi bandarísku viðskiptaneftnarinnar í Cairns í Ástralíu, heilsar við komuna þangað í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í dag er ráðgert að Carlo Trojan og Susan Schwab hittist á sérstökum fundi utan almennra fundahalda í Cairns og ræði málin. Ekki eru þó miklar væntingar um stortíindi af þeim fundi.

Fari svo að svokallaðar Doha-viðræður WTO sigli alveg í strand er gert ráð fyrir að ríki taki í auknum mæli upp tvíhlíða samninga um tollamál sín á milli.

- óká



Mosaic Fashions hf

Hluthafafundur Mosaic Fashions hf. verður haldinn á Nordica hótelinu, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, fimmtudaginn 28. september 2006 kl. 17.00.

Á fundinum verða einnig kynntar afkomutölur vegna fyrri helmings reikningsársins 2006.

Dagskrá fundarins verður sem hér segir:

1. Kynning á kaupum á Rubicon Retail Ltd.
2. Afkoma fyrri helmings reikningsársins 2006.
3. Samþykki hluthafa við kaupum á Rubicon Retail Ltd.

Stjórn félagsins leggur svofellda tillögu fyrir hluthafa:

- Að hluthafar samþykki kaup dótturfélagsins Mosaic Fashions Ltd. á öllu hlutafé Rubicon Retail Ltd.
- Að hluthafar staðfesti heimild félagsins til þess að gera samninga og gangast undir skuldbindingar í tengslum við fjármögnuna kaupanna á Rubicon Retail Ltd., þ.m.t. ábyrgðir þeirra vegna, m.a. með því að veita veð í öllum hlutum sínum í Mosaic Fashions Ltd.
4. Tillaga til breytinga á samþykktum félagsins, bess efnis að stjórn félagsins verði heimiluð útgáfa áskriftarréttinda til þess að fjármagna kaup á Rubicon Retail Ltd. að hluta.

Stjórn félagsins leggur svofellda tillögu fyrir hluthafa:

Við samþykktir félagsins bætist ný málsgrein, sem verði 5. mgr. 4. gr. og hljóði svo:

Stjórn félagsins skal heimilt að veita áskriftarréttindi að hlutum í félagini fyrir allt að kr. 347.758.887 að nafnverði. Áskriftarréttindin verða veitt í sterlingspundum og getur nafnverð þeirra verið allt að 45.000.000 sterlingspund eða 0.1294 sterlingspond á hverja 1 krónu að nafnverði hlutafjár. Stjórninni skal heimilt að auka hlutafé um fjárhæð sem svarar til áskriftarréttindanna, eða um allt að kr. 347.758.8887 að nafnverði, í því skyni að bregðast við nýtingu áskriftarréttindanna. Áskriftarréttindin má veita í því skyni að tryggja fjármögnun á kaupum félagsins eða dótturfélaga þess á öðrum félögum. Hluti sem gefnir verða út á grundvelli áskriftarréttindanna má greiða með því að framselja til félagsins kröfu skv. skuldaviðurkenningum sem Mosaic Fashions Ltd. hefur gefið út til handhafa áskriftarréttindanna. Greiðsla með framseldum skuldaviðurkenningum skal að lágmarki svara til 0.1294 sterlingspunds á hverja krónu nafnverðs sem gefin er út á grundvelli áskriftarréttindanna. Réttur stjórnar eftir þessari grein skal gilda til 28. september 2011. Forgangsréttur hluthafa til áskriftar eftir 34. gr. l. 2/1995 um hlutafélög, skal ekki eiga við um hlutafjárhækkun sem verður á grundvelli áskriftarréttindanna.

5. Önnur mál.

Fundurinn er öllum opinn. Atkvæðisrétt hafa einungis hluthafar. Að fundi loknum verður boðið upp á léttar veitingar og helstu stjórnendur félagsins verða á staðnum til viðræðona við fundarmenn.

Frekari upplýsingar veitir Jessica Wilks, forstöðumaður fjárfestatengsls í síma (+44) 207 452 1122. Upplýsingar um Mosaic Fashions hf.: www.mosaic-fashions.is eða www.mosaic-fashions.co.uk

oasis



coast

Whistles
LONDON

RAFVÖRU MARKADURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur

MAGNAÐVERÐ

ÚRVAL LJÓSAPERAS



39
KÚLUPERUR E14



39
PERUR E27



39
KERTAPERUR E14



295
SPARPERUR E27



195
HALOGENPERUR G4



295
HALOGENPERUR R75



395
HALOGENPERUR MR16

OPID ALLA DAGA
laugard. 10:00 - 17:00
sunnud. 11:00 - 17:00

VIÐ FELLSMÚLA
108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

Dómsmálaráðherra leggur fram frumvarp um breytingar á almennum hegningarlögum.

Refsilaust að stunda vændi

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Vaendi fyrirfinnst í öllum stórborgum vestraenner ríkja. Skiptir engu máli hvaða löggjöf er í gildi á hverjum stað - alls staðar má finna þessa starfsemi þótt mis-sýnileg sé. Þeir sem fjalla um vændi og vilja koma í veg fyrir það hljóta að horfa til þessara staðreynda.

Markmið löggjafans á að vera að draga úr skaðsemi vændis. Mikilvægst er að aðstoða þá einstaklinga sem selja aðgang að líkama sínum vegna neyðar, fíknar, ofbeldis eða hótunar um ofbeldi. Slíkt á aldrei að líðast. En að uppræta vændi er vonlaust. Alveg eins og það er vonlaust að uppræta vímuefnaneyslu í nútímasamfélagi. Skiptir engu máli hvaða ártöl eru sett á sílka baráttu. Því fyrr sem við horfumst í augu þessar staðreyndir, því betur mun okkur takast að lágmarka skaðann sem af þessu hlýst. Og hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi.

Nú hefur Björn Bjarnason dómsmálaráðherra lagt fram frumvarp þar sem gert er ráð fyrir að refsing fyrir að stunda vændi sér til framfærslu verði felld niður. Það er ekki lengur markmið að refsa fórnarlömbunum. Um það eru allir sammála. Hins vegar vill sumt velviljaða fólk fara hin svokölluðu „sænsku leið“ og gera refsivert að kaupa vændisþjónustu. Hvorki Norðmenn né Danir hafa valið þa leið.

Auðvitað felast ákvæðin síðferðisleg skilaboð í því að gera kaup á vændi refsiverð. Eftirspurn myndi líklega minnka í kjölfarið. En hún hyrfi ekki. Og þeir sem myndu áfram nýta sér aðstöðu vændisfólks væru ekki löghlýðnustu borgarar landsins. Það væru einstaklingar sem gefa lítið fyrir lög og reglur. Starfsemin myndi verða enn ósýnilegri en ekki upprætt. Erfiðara yrði að hafa eftirlit með fólk, veita bágstöddum hjálp og sækja ofbeldismenn til saka.

Vændi er í langflestum tilvikum félagslegt vandamál. Samkvæmt tölum frá Stígamótum hafa 65 til 85 prósent kvenna sem stunda vændi orðið fyrir einhvers konar kynferðislegu ofbeldi. Þessar konur eru oft illa settar andlega, líkamlega og félagslega. Sé vændi ekki bundið við undirheimana eru meiri líkur á að hægt sé að veita þeim félagslega, læknisfræðilega og fjárhagslega aðstoð. Það er mikilvægst.

Í einhverjum tilfellum fer sala kynnlífs fram með fullu samþykki og vilja beggja aðila. Ríkisstjórnin, eða 63 alþingismenn, hefur ekkert með það að gera að segja fullorðnu fólk hvernig það eigi að haga sér. Fólkia á að vera frjálst að selja ótilneytt líkama sinn til kynnlífs á sama hátt og það selur vinnu sína.

Þessi umræða vekur upp hörð viðbrögð hjá mörgum. Það er eðlilegt þegar fjallað er um velferð einstaklinga sem margir búa við skelfilegar aðstæður. Þess vegna er mikilvægt að við horfum á staðreyndir málsins.

Krosstengsl

Premeningarnar Björn Ingi Hrafsson, Pétur Gunnarsson og Steingrímur Sævarr Ólafsson, sem sátu saman í herráði Halldórs Ásgrímssonar, eru allir ötlir bloggarar. Björn Ingi hefur lengi haldið úti síðu (bjorningi.is) þar sem hann skrifar um hugðarefni sín en nýlega hófu Pétur (petrum.blogspot.is) og Steingrímur (saevarr.blog.is) að fjalla um það sem þeim finnst markverðast hverju sinni. Pétur skrifar mest um stjórnsmál en Steingrímur um fjölmíðla og hefur NFS átt hug hans allan síðustu daga. Allir hafa þeir bent á ágæti skrifa hvers annars og geta lesendur síðanna farið í hring-

ekju á milli þeirra og skoðað það sem einum finnst merkilegt í skrifum annars.

EKKI AÐ SPYRJA AÐ ÞVÍ

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, situr nú ráðstefnu í New York í boði Clintons, fyrrum Bandaríkjaforseta. Þar er rætt um helstu vandamál sem steðja að mannkynnu; fátað, heimsfaraldra, átök og loftslagsbreytingar. Í tilkynningu frá forsetaembættinu kemur fram að í vesturför sinni muni Ólafur Ragnar ekki aðeins sitja ráðstefnuna, heldur líka „eiga fundi í New York og Washington með ýmsu áhrifafólkí alþjóðavettvangi“. Hvaða fóli það er og um hvað Ólafur ætlar að tala við það kemur hins vegar ekki fram.

15. ekki 12

Björn Eva Erlendsdóttir, fréttamaður á Ríkisútvarpinu og formaður Félags fréttamanna, svarar Róberti Marshall, forstöðumannni NFS, í Fréttablaðinu í gær. Í frægri grein sinni sagði Róbert að mörgum starfsmönnum NFS hafi þótt freistandi að ganga til liðs við RÚV og þurfa að vinna tólf daga í mánuði á fullum launum. Björn Eva gerir athugasemdir við ýmislegi í grein Róberts og hrekur meðal annars staðhæfingu hans um vinnudaga fjölda fréttamanna hjá Sjónvarpinu. Segir hún þá vinna fimmtíð daga í mánuði - ekki tólf - og vaktirnar séu allt að ellefu og hálf klukkustund.

bjorn@frettabladid.is

Priðja stéttin rís upp



**ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Skattamál**

Fyrir 250 árum var svo komið fyrir Frókkum, að aðalsmönnum og klerkum, sem voru að sönnu sárafáir, hafði tekizt að skjóta sér að mestu undan skattgreiðslum til konungs. Allur porri almennings - þriðja stéttin - bar hins vegar þunga skattbyrði. Að því hlaut að koma, að þriðja stéttin missti þolinmæðina og risi upp gegn ranglætinu. Það gerðist 1789, og hausarnir fuku í allar áttir. Það var fljótelegt að velja hausa í gálgána, því að sjálftekin forréttindi aðalsins og klerkastéttarinnar langtínum saman birtust meðal annars í því, að forréttindastéttirnar voru yfirleitt orðnar höfðinu hæri en þriðja stéttin. Hvað um það, eftir byltunguna var fyrirkomulagi skattheimtunrar breytt í Frakklandi og Öðrum Evrópulöndum á þann veg, að allir greiddu sama skatt sem hlutfall af tekjum. Þannig fæddist hugmyndin um flatan skatt, einn skatt handa öllum. Þetta var jafnaðar-hugmynd: henni var ætlað að draga úr ójöfnuði og ranglæti frá fyrri tíð. Það tókst. Síðar gengu menn skrefi lengra og töku upp stighækkan skatta og sérstakar hátejkuskratta til að jafna kjör skattgreiðenda enn frekar, og aukin ríksútgjöld til velferðar-mála lögðust á sömu sveif.

Síðustu ár hefur pendúllinn sums staðar sveiflazt til baka. Hér heima var skattalögum breytt á þann veg, að tekjuskattur er nú 10% af fjármagnstejkum og 37% af launatejkum, þar af 24% til ríksins og 13% í útsvar til sveitarfélaga (fyrra hlutfallið mun innan tíðar lækka í 22%, nema lögumun verði breytt). Þessi munur á skattlagningu fjármagnstejkna og launatekna er meiri hér en í örðum OECD-löndum. Í Bandaríkjum eru fjármagnstejkur skattlagðar svo að segja alveg eins og launatekjur; munurinn á skatthlutföllunum er eitt prósentustig. Sviðuð máli

gegnir um Danmörku, Írland og Sviss; þar leikur fjármagnstejkju-skattshlutfallið á bilini 40% til 43%. Í Finlandi, Noregi og Svíþjóð er fjármagnstejkjuskattshlutfallið 28% til 30%, helmingi lægra en launatejkjuskattshlutfallið. Ekker land innan OECD nema Ísland hefur kylt fjármagnstejkju-skattshlutfallið niður í 10%. Enginn vafi leikur á því, að þessi breyting á skattalögum hefur ýtt undir þann ójöfnuð, sem setur mark sitt á samfeliði í síauknunum mæli. Á hinn bóginn virðist það einnig líklegt, að lækkun fjármagnstejkjuskatt hafi leitt til betri skattskila, örvað sparnað og ladað meira fjármagn til landsins erlendis frá en ella, og það var höfuðtilgangurinn.

Hyggilegast væri þá að samræma tekjuskattinn á þann veg, að öllum væri með nýum skattalögum gert að greiða sama hlutfall tekna sinna umfram tiltekið lágmark í skatt...

Hvað er til ráða? Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa allir kveðið upp herör gegn auknum ójöfnuði og búast til að mynda nýja ríkisstjórn - frjálslynda jafnaðarstjórn, velferðarstjórn - að loknum alþingiskosningum 2007. Það er skiljanleg afstaða frá beirra bæjardýrum séð, svo mjög sem ójöfnuður hefur færzt í

